

**Þinggerð 79. ársþings KSÍ,
haldið á Hilton Reykjavík Nordica, Reykjavík, 22. febrúar 2025**

Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 79. ársþings KSÍ. Þingið hófst á stuttu myndbandi til minningar um þau sem féllu frá á síðastliðnu ári.

Þorvaldur Örlygsson, formaður KSÍ, setti 79. ársþing KSÍ og mælti svo:

Þingforseti, þingfulltrúar, gestir, kæru félagar.

Fyrir ári síðan stóð bauð ég mig fram sem valkost í formannskjöri Knattspyrnusambands Íslands.

Ég rammaði framboð mitt inn með fimm orðum.

Reynsla – Kunnátta - Þekking – Ábyrgð - Óháður.

Fyrir ári var það draumur minn að nýr formaður KSÍ yrði sá sem gerði best fyrir íslenska knattspyrnu, fyrir sambandið, aðildarfélagin, leikmenn, sjálfboðaliða og stuðningsmenn. Sum ykkar kusu mig, sum ykkar ekki, en niðurstaðan varð engu að síður sú að ég tók við og hef lagt mig allan fram um að sameina ólík sjónarmið og leiða sameinað samband til betri framtíðar.

Mín sýn var að sjá vel og skynsamlega rekið KSÍ, hafa heildarhagsmuni knattspyrnunnar að leiðarljósi, hagsmuni iðkenda í forgangi, gera sambandið að öflugum bakhjarli aðildarfélaganna og stuðla að áframhaldandi vexti og viðgangi karla- og kvennaknattspyrnunnar. Sem formaður vildi ég leiða það starf með mína þekkingu úr grasrótinni, úr knattspyrnunni hér heima, erlendis, í landsliðinu, sem leikmaður, þjálfari, starfsmaður og stuðningsmaður.

Fyrir ári stóð ég frammi fyrir ykkur og sagði sem er; - ég er minna í jakkafötum og meira með gras á skónum og bolta í skottinu. Það hefur ekkert breyst, því þó jakkadögum hafi vissulega fjölgað með nýju starfi hefur það aðeins þýtt fleiri vinnustundir í sólarhringnum, því grasið heldur áfram að bætast undir skóna og boltinn er enn í skottinu. Fyrir ári síðan blasti við óvissa um framtíð þjóðarleikvangs, óvissa um framtíðarmál þjálfara, óvissa um rekstrar- og fjármál sambandsins og óvissa um náð samstarf við UEFA og FIFA.

Öll hreyfingin var sammála um að staðan á málefnum þjóðarleikvangs væri ólíðandi. Í mörg ár var mikið talað en því miður gerðist minna. Ný stjórn KSÍ bretti upp ermarnar og við þekkjum niðurstöðuna. Kyrrstaðan var rofin. Uppbygging þjóðarleikvangs er loks hafin og ráðist hefur verið í löngu tímabærar endurbætur Laugardalsvallar. Nýtt hybrid gras og upphitunarkerfi lengja notkunartíma vallarins og með því getum við spilað leiki stærstan hluta ársins. Gangi framkvæmdir eftir verður hægt að spila fyrsta leikinn á nýju grasi í júní og horfum við þar til leiks A-landsliðs kvenna við Frakkland í Þjóðadeild UEFA.

Kvennalandsliðið er á leið á sitt fimmta EM í röð, sem er stórkostlegt afrek. Undir stjórn Þorsteins Halldórssonar er landsliðið orðið fyllilega samkeppnishæft við sterkustu landslið Evrópu og framundan er EM í Sviss þar sem ég er sannfærður um að liðið muni fylla hjörtu okkar stolti og gleði.

En nýtt gras er aðeins fyrsti hluti framkvæmda við þjóðarleikvanginn. Að mörgu er að huga, eins og úr sér gengnum og niðurniddum búningstefum, bættri aðstöðu fyrir áhorfendur, starfsmenn og fjölmiðla. Og þetta kostar peninga, peninga sem þarf að sækja. Má þar nefna Mannvirkjasjóð sem notaður hefur verið til uppbyggingar um allt land frá árinu 2008 og þau mannvirki hafa ekki bara nýst fyrir knattspyrnuna, þau hafa nýst fyrir alla íþróttahreyfinguna.

Og við fengum góðan stuðning frá fráfarandi ríkisstjórn og fráfarandi meirihluta í borgarstjórn. Við fáum þau skilaboð að nýir valdhafar vilji halda sömu keyrslu áfram – og á það treystum við!

Afrekssjóður hefur ekki verið gjöfull fyrir knattspyrnuna, en á því varð loks breyting fyrir stuttu, þegar við fengum loksins 24,6 milljónir króna. Löngu tímabær úthlutun, og við þökkum kærlega fyrir að vera boðin í partíð.

Á meðan öryggi og samfella ríkti í þjálfaramálum kvennalandsliðsins með áðurnefndum árangri, var sama staða ekki uppi í karlalandsliðinu. Stjórn KSÍ ákvað að skoða þjálfaramálin frá grunni þegar uppsagnarákvæði fráfarandi þjálfara, Áge Hareide, virkjaðist. Áge ákvað að stíga til hliðar og ég vil nota tækifærið og þakka honum hans góðu störf. Við vildum ekki flana að neinu, heldur tókum okkur þann tíma sem þurfti til að skoða framhaldið og niðurstöðuna þekkið þið. Arnar Gunnlaugsson tók við stjórnartaumunum og við væntum mikils af störfum hans, enda árangur hans, elja og dugnaður þekktur og framganga hans með lið Víkings eftirtektarverð og glæsileg.

Framundan eru spennandi tímar hjá karlalandsliðinu og það er tilhlökkun í hjörtum stuðningsmanna. Og auðvitað er ekki hægt annað en að minnst á stórkostlegan árangur liðs Víkings í Evrópuboltanum. Liðið hefur náð lengra en margir reiknuðu með og sýnt að með rétttri grunnvinnu, metnaði og stuðningi, eigi íslensk félagslið eftir að gera enn betur í komandi framtíð.

Framtíðin er björt hjá bæði karla- og kvennalandsliðinu og margir ungir og efnilegir leikmenn banka á dyrnar. Það eru ekki bara innantóm orð, ég get hreinlega fullyrt það, því ég hef þjálfað marga þessara leikmanna sem munu halda merki íslenskrar knattspyrnu hátt á lofti um ókomin ár.

Kæru félagar.

Á þessu ári, frá síðasta þingi okkar, höfum við lagt okkur fram um að ná frekari samtölum við bæði UEFA og FIFA, aukið við þau samstarfið, sem og við önnur alþjóðleg knattspyrnusambönd og alþjóðlegar stofnanir. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. UEFA hefur sýnt stöðunni hér á landi skilning. Sambandið er að styðja okkur við uppbyggingu þjóðarleikvangsins og KSÍ þurfti að hafa fyrir því, en UEFA samþykkti málaleitan okkar og aðstoðaði vel við að leyfa Víkingum að spila á Kópavogsvelli. Þá sýndi FIFA okkur þann heiður að halda hér á landi vinnustofu um stjórnun og stefnumótun, sem var samvinnuverkefni FIFA, KSÍ og ÍTF, en Ísland var fyrsta landið sem hélt slíka vinnustofu á vegum FIFA. Aðaláhersla var á að styrkja íslenska knattspyrnu með faglegri rekstrarstjórnun, hvernig bæta megi fjármála- og stefnumótun, stjórnun, auka samkeppnishæfni, skipulag og skilvirkni.

Og fyrst minnst er á rekstur og tekjur. Við höfum tekið vel til í fjármálum sambandsins og förum úr taprekstri í hagnað og okkar áætlanir gera ráð fyrir áframhaldandi hagnaði. Við bættum við bakhjarli KSÍ með þriggja ára samningi við Eimskip og er fyrirtækið boðið velkomið í hóp öflugra Bakhjarla sambandsins.

Ábyrgð skiptir máli og KSÍ á að sýna gott fordæmi á þessu sviði sem öðrum. Liður í því hefur verið ákveðin endurskoðun á fjölmörgum þáttum í rekstri, starfsmannahaldi og umgjörð og sú vinna heldur áfram. Við réðum ekki bara nýjan landsliðsþjálfara, heldur og nýjan framkvæmdastjóra, einnig nýjan Lögfræðing, auk nokkurra annarra starfsmanna. Það var afar ánægjulegt að sjá hversu eftirsótt það er að starfa fyrir KSÍ. Mikill áhugi var á starfi landsliðsþjálfara, á fjórða tug sótti um starf framkvæmdastjóra og á sjöunda tug sótti um starf lögfræðings sambandsins. Það eru skýr skilaboð um að við séum á rétttri leið. Samhentur hópur starfsmanna, þar sem allir róa í sömu átt, skiptir miklu máli og mér finnst rétt að nota tækifærið og þakka þeim öllum fyrir frábært og óeigingjarnt starf. Það sama á við um

aðildarfélagin, sem vinna einstakt starf. Líklega er það einsdæmi í heiminum hvernig íslensk félag finna jafnvægið á milli grasrótarstarfs og afreksstarfs fyrir alla sína iðkendur, þrátt fyrir að þurfa að treysta nær alfarið á óbilandi ástríðu og dugnað sjálfboðaliða.

Í janúar lést Ellert B. Schram, heiðursformaður KSÍ, 85 ára að aldri. Knattspyrnan átti hug hans allan og við vorum heppin að hafa notið starfskrafta hans um langt árabil. Við minnumst þessa fallna félaga með hlýhug, sem og öðrum þeim sem hafa fallið frá frá síðasta ársþingi og þökkum þeim þeirra framlag og vottum fjölskyldum þeirra samúð.

Kæru félagar.

Ég hef stiklað hér á stóru um nýliðið ár. Ár sem hefur verið sambandinu gjöfult á fjölmörgum sviðum. Ár sem stjórn KSÍ getur verið stolt af, sem ég sem formaður er stoltur af - ár sem skilaði árangri. Fyrir ári síðan stóð ég hér og bauð ykkur valkost; Stöðnun - eða breytingar og framfarir.

Ermarnar hafa verið uppbrettar, við höfum látið verkin tala. Breytingar, framfarir! Framundan eru enn fleiri og stærri verkefni, verkefni sem kalla á samstöðu, samvinnu, langa vinnudaga, fórnir, blóð og svita. Ég hlakka til að takast á við þau með öfluggu starfsliði, sterkri stjórn, aðildarfélögum, sjálfboðaliðum og stuðningsmönnum.

Saman erum við sterkust og knattspyrnan verður áfram í fararbroddi sem stærsta og öflugasta íþróttagrein landsins. Framtíð íslenskrar knattspyrnu er björt.

Ég set hér með 79. ársþing KSÍ. Megi þetta þing vera málefnalegt og skemmtilegt. Takk kærlega fyrir mig.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár voru afhent fyrir ársþing að þessu sinni, en þau hlutu:

- Grasrótarverðlaun KSÍ:
 - Grasrótarverkefni ársins – Stjarnan/Ösp, fótboltaæfingar fyrir einstaklinga með fötlun
 - Grasrótarfélag ársins – Stálúlfur
 - Grasrótarpersóna ársins – Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson
- Jafnréttisverðlaun KSÍ: Fótbolti.net
- Fjölmiðlaverðlaun KSÍ: Hjörvar Hafliðason
- Viðurkenningu fyrir dómaramál:
 - Fyrirmyndarfélag – FH
 - Hvatningarverðlaun – Þróttur R.
- Háttvísiviðurkenning í Bestu deild karla: Breiðablik
- Háttvísiviðurkenning í Bestu deild kvenna: Breiðablik

Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri KSÍ, gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Gísli Gíslason

2. þingforseti: Helga Guðrún Guðjónsdóttir

og voru þau bæði samþykktir af þingfulltrúum. Þingforsetar tóku því næst við þingstjórn.

Þingforseta tóku við stjórn þingsins og staðfestu að löglega hafi verið boðað til þessa þings. Lögmati þingsins var að því sögðu staðfest.

Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Systa Jónsdóttir

2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson

og voru þau bæði samþykkt og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Andri Stefánsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, ávarpaði þingið. Andri fluttu þingheimi kveðju frá forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Andri talaði um að hraðinn í þjóðfélaginu væri að færast í aukanna með meiri tækni og að það kalli á breytingar í okkar starfi og hvernig við ætlum að vera til staðar fyrir komandi kynslóðir með íþróttastarf sem hentar samfélaginu hverju sinni.

Andri kom inn á stefnumótun íþróttahreyfingarinnar sem stýrð er af Vésteini Hafsteinssyni og ræddi um mikilvægi svæðisstöðva ÍSÍ. Hann ræddi um afreksstarf sérsambanda og mikilvægi þess að stuðla að samvinnu allra aðila með atvinnulífi og sveitarfélögum. Andri nefndi einnig ferðasjóð íþróttafélaga og að ÍSÍ kalli eftir auknum stuðningi við ferðasjóði íþróttafélaga, byggingu þjóðarleikvanga og mikilvægi íþróttar í þjóðfélaginu. Andri talaði um þær áhyggjur sem hann hefði af spilafíkn ungmenna og sérstaklega stráka. Ræddi um að við þyrftum að stíga fast til jarðar gegn ólöglegri veðmálastarfsemi á Íslandi og ekki síst með heilsu ungmenna í huga.

Andri minntist Ellerts B. Schram. Ellert varð forseti Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) árið 1991 og varð svo fyrsti forseti sameinaðs sambands ÍSÍ og Ólympíunefndar Íslands árið 1997, allt til ársins 2006. Ellert var kjörinn Heiðursforseti ÍSÍ árið 2006 en hann lést í janúar 2025.

Að lokum kallaði hann Hafstein Pálsson, formann Heiðursráðs ÍSÍ, upp á svið þar sem þeir sæmdu eftirfarandi aðila merkjum ÍSÍ:

Unnar Stefán Sigurðsson fékk silfurmerki ÍSÍ fyrir sín góðu störf.

Helgi R. Magnússon fékk gullmerki ÍSÍ fyrir sín góðu störf.

Andri mælti svo:

Þingforseti, formaður KSÍ, heiðursformaður KSÍ, representatives from UEFA and FIFA, stjórn KSÍ, góðir þingfulltrúar og gestir.

Ég vil byrja á því að flytja ykkur kveðju forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórnar ÍSÍ.

Nú er sá tími árs að sérsambönd og aðrir sambandsaðilar ÍSÍ halda sín þing og gera upp liðið ár. Þetta er einn af föstu liðum ársins, eins og Páskar, jól og sumarið sem eru einu sinni á ári, þótt að það sé að vísu vafamál hvort að við fáum sumar á Íslandi eða hvort að það séu í raun fjórar árstíðir hér á landi.

Hjá okkur í íþróttahreyfingunni má segja að við séum oftast að fjalla um sömu atriðin á hverju ári, en þó á misjöfnum tíma ársins. Ég gæti með auðveldum hætti endurflutt ræðuna mína frá síðasta ári með örlitlum breytingum en stóru málin sem við vinnum að erum þau sömu. Þessi málefni þokast samt áfram og við taka nýjar áskoranir.

Að vísu er umhverfið sem við störfum í alltaf að breytast. Við erum með öðruvísi áskoranir en voru á síðustu öld og við þurfum ekki að fara langt aftur í tímann til að átta okkur á breytingum á þjóðfélaginu, tækninni og hugarfari fólks. Hraðinn í þjóðfélaginu er alltaf að aukast og samfélagsmiðlar og annað áreiti hafa áhrif á störf og líðan fólks. Það kallar á breytingar í okkar starfi og hvernig við ætlum að vera til staðar fyrir komandi kynslóðir með íþróttastarf sem hentar samfélaginu hverju sinni. Við þurfum að breytast í takt við þróunina.

Á síðustu misserum hefur verið unnið að því að bæta umgjörð afreksíþróttá á Íslandi. ÍSÍ og mennta- og barnamálaráðuneytið hafa sett fram metnaðarfulla áætlun og réðum við Véstein Hafsteinsson til starfa til að leiða vinnu sem felur í sér að breyta umhverfinu hér þannig að það sé sambærilegt við það sem við sjáum í löndunum í kringum okkur. En hvað hefur gerst í framhaldinu?

Á þessu ári varð aukning á þeim fjármunum sem fara í afreksstarf sérsambanda ÍSÍ og til að innleiða þetta nýja fyrirkomulag. Á sama tíma er verið að vinna að því að auka þátt atvinnulífsins í afreksstarfinu og stuðla að samvinnu sem flestra og þar með talið sveitarfélaga, skólakerfis og heilbrigðiskerfis. Það er verið að teikna upp nýtt kerfi og þar þurfa öll sérsambönd að vera með í að móta framtíðarskipulagið.

Við erum í rauninni úti í miðri á, við erum komin áleiðis en það er margt eftir. Stærsta áskorunin núna er að reyna að tryggja að í fjármálaáætlun ríkisins sé gert ráð fyrir auknu framlagi til þessara mála á næstu árum og að við sýnum með sannfærandi hætti að við séum að taka skref fram á við.

Svæðisstöðvar ÍSÍ og UMFÍ voru settar á fót á síðasta ári, en rekstur þeirra var tryggður með fjármagni frá stjórnvöldum sem byggir á farsæld barna. Sá stuðningur hefði aldrei geta farið í önnur verkefni eða aðrar áherslur. Markmið þessara stöðva er að efla íþróttastarf um allt land og um leið íþróttahéruðin, en áherslan er á að fjölga tækifærum fyrir fatlaða, börn með erlendan tungumála- og menningarbakgrunn og frá tekjulágum heimilum.

Þetta eru áherslur sem við eigum að vinna að sem íþróttahreyfing. Allir eiga að hafa sömu tækifæri á að stunda íþróttir, hvar sem þeir búa eða hvaðan sem þeir koma. Ég tel að knattspyrnuhreyfingin geti verið öflugt afl í þessar nálgun og nýlega var auglýst eftir umsóknum í Hvatásjóð sem hefur það að markmiði að styðja við verkefni sem tengjast þessum málaflokkum. Fjárframlag ríkisins var til tveggja ára, en þetta er eitt af þeim málum sem við þurfum að tryggja stuðning við til næstu ára, eins og gagnvart afreksíþróttunum.

En þetta er ekki það eina því á sama tíma þurfum við að efla enn frekar ýmsa aðra þætti. ÍSÍ hefur verið með í forgangi að kalla eftir auknum stuðningi við ferðasjóða íþróttafélaga. Sú upphæð sem kemur frá ríkinu er 126,9 m.kr. og dugar skammt. Við höfum kallað eftir því að það þurfi að þrefalda þá upphæð hið minnsta og núna er verið að vinna ítarlega úttekt á þessum málum hjá ráðuneytinu sem vonandi styður enn frekar við okkar kröfur.

Á sama tíma þarf að tryggja að fjármagn sé sett í framkvæmdir við Þjóðarleikvanga á Íslandi. Búið er að fjármagna Þjóðarhöll í fjármálaáætlun, en það verður að tryggja fjármagn við velli bæði fyrir knattspyrnu og frjálsíþróttir og það sem fyrst.

Við höfum átt gott samstarf við stjórnvöld á undanförunum árum og með nýrri ríkisstjórn þá hef ég fulla trú á því að það góða samstarf haldi áfram. En það er ekkert sjálfgefið og við þurfum að standa okkur á öllum sviðum.

Mikilvægi íþróttastarfs fyrir þjóðina er óumdeilt. En hversu mikilvægt er það? Hvað er það sem við þjóðum upp á og hverjum skilum við til þjóðfélagsins?

Við erum sú eining sem á að byggja upp börn og ungmenni og skila þeim sem enn betri þegnum út í samfélagið. Andleg líðan ungmenna á Íslandi er ekki nógu góð og við getum verið afl til að bæta heilsu þjóðarinnar. Ekki það að við séum með það sem meginmarkmið, en þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi skilar ágóða sem erfitt er að meta til fjár. En við þurfum líka að vera ábyrg í því sem við gerum og stuðla að því að umhverfið sem þau alast upp í sé heilbriggt. Þannig þurfum við að vera til staðar til að vinna gegn óæskilegri hegðun og þar hef ég t.d. miklar áhyggjur af spilafíkn ungmenna og sérstaklega stráka. Við þurfum að stíga fast til jarðar gegn ólöglegri veðmálastarfsemi á Íslandi og ekki síst með heilsu ungmenna í huga. Við getum verið miklu öflugri í að móta heilbriggt umhverfi ungmenna á öllum sviðum og það sínir jafnframt mikilvægi okkar sem hreyfingu í uppeldi þjóðarinnar.

Það eru fjölmörg önnur atriði sem hægt væri að fjalla um eins og samskipti við Skattayfirvöld og STEF, gagnvart jafnréttismálum, sjálfbærnimálum o.fl. Það hafa oft verið mörg málefni á borði ÍSÍ, en sjaldan eins mörg og nú, en verið er að vinna að þeim með hag íþróttahreyfingarinnar í huga, þótt að stundum taki margt lengri tíma en við höldum eða óskum.

Í stefnumótum KSÍ 2023 til 2026 er fjallað um áherslur og segir m.a.:

- Að þróa tækifæri fyrir þátttöku fólks
- Að nýta gögn til að styðja við þróun landsliða okkar
- Nánara samstarf við aðildarfélög okkar
- Þróun vandaðra innviða
- Að gera grein fyrir framlögum okkar til samfélagsmála og sjálfbærni

Það má segja að þessar áherslur eigi við nánast allar einingar íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Við erum öll að vinna að sömu markmiðum. En

við erum sterkust þegar við vinnum saman, hvort heldur sérsambönd og félögin sem því tilheyra, eða ÍSÍ og íþróttahreyfingin í heild sinni.

Ellert B. Schram, heiðursforseti ÍSÍ og heiðursformaður KSÍ, féll frá á dögnum. Hann var öflugur málsvari íþróttastarfsins meðan hann starfaði á þeim vettvangi og á seinni árum barðist hann fyrir betri kjörum fyrir eldri borgara landsins. Ég vil nota tækifærið til að þakka fyrir hans störf fyrir okkur öll og um leið hvetja okkur sem eru hér inni til að taka hann okkur til fyrirmyndar og tala fyrir því sem þarf að berjast fyrir.

Áður en ég lík máli mínu vil ég kalla upp til mín Hafstein Pálsson, formann Heiðursráðs ÍSÍ, en framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur samþykkt að heiðra nokkra aðila fyrir þeirra góðu störf fyrir knattspyrnuhreyfinguna.

Unnar Stefán Sigurðsson, Keflavík

Unnar hefur setið í stjórn KSÍ frá aukaársþingi KSÍ 2021 og verið formaður Mannvirkjanefnd og formaður fræðslunefndar. Hann lék með Keflavík, Breiðabliki, Skallagrími og Hamri og hefur þjálfað bæði hjá Keflavík og FH. Hann hlýtur Silfurmerki ÍSÍ fyrir sín góðu störf.

Helgi R. Magnússon, Valur

Helgi hefur setið í Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ frá árinu 1991 eða í 34 ár samfelld, og er nú varaformaður nefndarinnar. Nefndin fundar u.þ.b. 40 sinnum á ári, ásamt því að mæta á aukafundi og vinna verkefni/úrskurði á milli funda í sjálfböðavinnu. Hann hlýtur Gullmerki ÍSÍ fyrir sín góðu störf.

Um leið og ég vil biðja þá að koma hingað til mín, vil ég óska ykkur öllum til hamingju með þann árangur sem knattspyrnan hefur náð og sýnt á liðnu ári og liðnum árum og óska jafnframt þeirri stjórn sem mun taka við í dag farsældar og vonandi áframhaldandi góðs samstarfs á komandi tíma.

Takk fyrir.

Håkan Sjöstrand, fulltrúi UEFA, ávarpaði þingið. Håkan hóf mál sitt á að skila kveðju til þingheims frá Alexander Čeferin, forseta UEFA, og Theodore Theodoridis, framkvæmdastjóra UEFA.

Håkan talaði um að Íslandi væri gott kerfi til staðar frá grasrót upp í afreksmennsku, þar sem allir eru virkir, og hann nefndi að síðasta ár hafi verið áhugavert með þátttöku íslenskra liða í evrópukeppnum, þar sem fjármagn inn í íslenska knattspyrnu væri að aukast með betri árangri.

Håkan hrósaði einnig árangri Íslands í A landsliðum, óskaði kvennalandsliðinu alls hins besta á Evrópumótinu í Sviss í sumar og sagðist hlakka til að sjá baráttu Norðurlandanna á því mót, en Ísland er í riðli með Noregi, Finnlandi og Sviss, sem stjórnað er af sænskum þjálfara.

Håkan sagðist hlakka til að sjá uppbyggingu á Laugardalsvelli. Hrósaði jafnframt KSÍ fyrir að fara í mikilvægar breytingar á þjóðarleikvanginum og sagði að UEFA stæði þétt við bakið á KSÍ í þeirri uppbyggingu.

Hákan mælti svo:

Dear President

Dear Members of the Executive Committee,

Dear General Secretary,

Dear members and friends of the football community of Iceland

Allow me to begin by extending the warmest greetings to you all from UEFA on behalf of the President, Mr Aleksander Čeferin and the General Secretary, Mr Theodore Theodoridis. It's a great pleasure for me to be here representing UEFA at the General Assembly of the Football Association of Iceland.

My name is Hákan Sjöstrand. Before my assignments with UEFA, I was the General Secretary of the Swedish Football Association for almost 10 years. During that time, I had the pleasure of getting to know many fantastic colleagues in Icelandic football, and I must say that your hospitality has always been amazing. Our relationship has been excellent – at least off the pitch! Because I can assure you, when we've met on the pitch, you've never given us an easy ride. It's always been tough matches against you.

But if I start by looking back at last year, the Euro in Germany was a great success, and this season also marks an exciting new chapter with the introduction of a new format for UEFA club competitions, which has led to a significant increase in of around 4.4 billion Euro. And one of Your clubs, Vikingur, has performed so well in the UEFA Conference League, even though the match last Thursday against Panathinaikos ended in a disappointing way. However, with some distance, I'm sure you all look back on the performance in the Conference League with pride.

I also want to highlight the strategic direction and framework for Icelandic football, called 'From grassroots to Championships'. This perfectly captures your focus on areas like participation, elite football, club development, infrastructure, and of course, social responsibility. Because football is so much more than what happens on the pitch. And we all know that in the end, it's all about execution and implementation - because it's only what's done that truly counts.

Your men's national team has played in the B League of the UEFA Nations League and has important playoff matches against Kosovo ahead. I also wish you the best of luck in the upcoming FIFA World Cup 2026 qualifiers, which start this fall. Of course, the matches will be tough, but you've already shown so many that anything is possible, and your men's national team looks promising and full of potential.

Also, congratulations on already qualifying for the UEFA Women's Euro 2025! There will be some exciting Nordic battles in your group with matches against Norway and Finland, and there is a Swedish coach for Switzerland's team. But before all that, you've got the Nations League to focus on – and that's the A League, where you of course also will be playing against Norway and Switzerland, then also France. And you start yesterday with a fine draw away against the Swiss.

You should be proud of how well you've been performing over time – then of course, there's always room to improve and continue developing.

The football pitch is the heart of the game – it's where everything comes together. And just like in football, creating a great infrastructure requires teamwork. So, I want to take this opportunity to highlight and compliment the Icelandic Football Federation and its leadership for the crucial development of your national stadium. Just like in football, this is all about teamwork, where every part, from the players to the support from the government and city, plays an essential role. As always, UEFA remains committed to standing by your side and supporting your efforts every step of the way of your stadium development.

We also find ourselves in a rapidly changing football landscape. Embracing technology and innovation is essential to our future success, but we must also stay true to our core values and principles. Our mission is not just to develop the game, but to safeguard it. This is where your commitment to football development especially grassroots, youth participation, and social responsibility is important.

Together, as members of the football family, and through our strong relationships, let us continue striving for a better football. May we continue to be inspired by the determination and the sense of community – both now and in the future.

I won't take up too much more of your time, as you have a busy agenda today. Let me conclude by thanking you all for the kind invitation to be here with you today, for your warm hospitality and by wishing you a fruitful Congress. Thank you for your attention.

Marion Gavatt, fulltrúi FIFA, ávarpaði þingið. Marion sagði það heiður að vera viðstödd þetta ársþing og skilaði þingheimi kveðju frá Gianni Infantino, forseta FIFA, Mattias Grafström, framkvæmdastjóra FIFA, og stjórn FIFA.

Marion ræddi um vinnustofu sem FIFA hélt á dögum með félögum á Íslandi og talaði um mikilvægi þess að vinna saman að bættu umhverfi. Hún þakkaði einnig fyrir gott samstarf við KSÍ.

Marion hrósaði kvennalandsliði Íslands og óskaði þeim til hamingju með sæti á EM í sumar. Hún sagðist einnig óska þess að vinna við þjóðarleikvang gangi vel og ekki þurfi að koma til þess að heimaleikir verði aftur leiknir erlendis.

Að lokum sagði Marion að hugur hennar væri hjá Grindvíkingum, sem þurftu að yfirgefa heimili sín vegna jarðhræringa á Reykjanesi.

Marion mælti svo:

KSI 79th General Assembly, 22 February 2025

Dear President, Þorvaldur Örlygsson,

Dear Representative of Iceland Sport and Olympic

Dear General Secretary, Eysteinn Pétur Lárusson,

Dear Vice-Presidents,

Dear Board Members,

Dear UEFA representative, Hákan Sjöstrand,

Dear Delegates, Staff members of the KSI

It is a pleasure to be here today in Reykjavik to represent FIFA on the occasion of your General Assembly.

Please allow me to express the warmest regards on behalf of the FIFA President Gianni Infantino, the FIFA General Secretary Mattias Grafström, as well as from the entire FIFA administration.

First of all, I would like to emphasize the great relationship FIFA has with KSI, at all levels of our administrations. Last November, FIFA organised with KSI in Reykjavik its first ever FIFA Club Management Workshops, an initiative aimed at equipping club executives with the essential knowledge and skills to support clubs in their path to professionalisation and operational excellence.

The main focus was on best practices in club and league management, expanding club structures, and effective operational planning.

When I think of football in Iceland, I inevitably think of

What's your NT made in 2018. In 2018, the world was inspired by Iceland's extraordinary journey to the FIFA World Cup™, as your Men's National team defied expectations to become the smallest nation ever to reach the tournament. Similarly, the Iceland women's national team has long been a source of national pride, having participated in the past four editions of the UEFA Women's EURO. For a country with just 400,000 inhabitants, these remarkable accomplishments highlight Iceland's ability to maximize limited resources. Your WNT will be playing against France in a few days. I wish you all the best, and all the best with the EURO in Switzerland next summer!

FIFA is always proud to support KSI, especially through the Forward Development Programme, which has played a key role in advancing refereeing in Iceland. Additionally, the FIFA Forward Programme 3.0 cycle has enabled KSI to install a new LED system at the national stadium in Laugardalsvöllur, facilitating the hosting of two UEFA EURO Qualifier home matches in June 2023 against Portugal and Slovakia.

Iceland has a vibrant football community supported by passionate, skilled technicians, referees, coaches, and administrators from all corners of the country.

My thoughts are with the residents of Grindavík who have been forced to leave their homes during these challenging times.

Once again, I extend my sincere gratitude for the opportunity to be present today. I am confident that the journey of Icelandic football will continue to flourish, and I eagerly anticipate witnessing the great progress you will make in the future. Thank you for your time and for having us today and wishing you a very productive congress.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, ávarpaði þingið. Jóhann sagði að síðustu misseri hafi íþróttahreyfingin tekið breytingum og ræddi um mikilvægi þess að íþróttahreyfingin væri samstíga í þeim breytingum sem þyrfti að fara í. Mikil umræða hefur skapast um launþegasamband í stað verktakasambands og teikn væru á lofti um að breytingar væru í farvatninu.

Jóhann ræddi einnig um mikilvægi Íslenskra getrauna og Íslenskrar getspár í íþróttalífi þjóðarinnar og talaði um að þó erlend veðmálafyrirtæki gætu ef til vill stutt ákveðin félög eða einstaka deildir, þá væru þau fyrirtæki ekki endilega heildinni til heilla.

Jóhann kom einnig inn á mikilvægi svæðisstöðva ÍSÍ og að þar væri unnið að greiningu á stöðu mála innan íþróttahreyfingarinnar. Hlutverk stöðvanna væri að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Framtíðarsýn með fyrirkomulagi svæðisstöðvanna væri að það skili sér í betri nýtingu á mannauði, meiri stuðningi við einstaka íþróttafélög og betri þjónustu við iðkendur.

Jóhann endaði mál sitt á að hvetja viðstadda að óhrædd við að sýna frumkvæði og vinna saman að því að gera íþróttahreyfinguna alla enn betri.

Jóhann mælti svo:

Formaður og stjórn KSÍ, ágætu gestir og þingfulltrúar.

Það er ávallt ánægjulegt að vera með ykkur. Á þingi KSÍ finnur maður alltaf kraftinn, viljann til gera betur og kafa djúpt í málin. Hér og á fleiri þingum sem framundan eru þurfum við að leita leiða til að þróa íþróttahreyfinguna til framtíðar.

Síðustu misseri hefur íþróttahreyfingin tekið umtalsverðum breytingum. Með bréfi skattayfirvalda um launþegasamband í stað verktakasambands eru teikn á lofti um að frekari breytingar séu í farvatninu. Við þessar aðstæður er mikilvægt að öll hreyfingin verði samstíga um þau viðbrögð sem gripið verður til.

Eins og í öllum málum kunna ákveðnir aðilar að geta skotist áfram og náð árangri á stuttum tíma, allavega fyrir sig - en mögulega á kostnað heildarinnar. Ef vinna á verkið með langtíma lausn fyrir samfélagið í huga þá verðum við að vinna saman.

Í þeim efnum getum við tekið getraunafyrirtæki íþróttahreyfingarinnar sem dæmi. Íslenskar getraunir og Íslensk getsþá hafa gefið til baka svo um munar og stutt vel við félögin. Þótt erlend getraunafyrirtæki geti stutt ákveðin félög eða einstaka deildir þá er það ekki endilega heildinni til gagns.

En að jákvæðari efnum sem er íþróttahreyfingunni til heilla.

Aðeins ár er liðið síðan stór skref voru stigin. Þá voru átta svæðisstöðvar settar á laggirnar fyrir öll íþróttahéruð landsins. Við þá framkvæmd smullu saman fjölmargir þættir sem lengi hafði verið karpað um. Átök voru um skiptingu lottófjármuna, erfitt var að fá opinberan stuðning héraða á landsvísu og mögulegar hagræðingar með sameiningum voru í spennitreyju regluverks- og tekjumöguleika.

Hlutverk svæðisstöðvanna er að þjónusta íþróttahéruðin í nærumhverfi sínu með samræmdum hætti. Sterkari íþróttahéruð og svæðisstöðvar um allt land auka skilvirkni innan íþróttahreyfingarinnar og gera þeim kleift að takast á við núverandi og fyrirséð verkefni. Framtíðarsýn með fyrirkomulagi svæðisstöðvanna er að það skili sér í betri nýtingu á mannauði, meiri stuðningi við einstaka íþróttafélög og betri þjónustu við iðkendur. Það fer líka saman við þá framtíðarsýn stjórnvalda að sem flestir hafi tækifæri til að stunda íþróttir á því sviði sem þeir kjósa, til ánægju, heilsubótar eða á vettvangi afreksstarfsins.

Við erum þegar farin að sjá sýnilegan árangur.

Svæðisfulltrúarnir hafa unnið að greiningum og aðgerðaráætlunum á sínum svæðum, skoðað stöðu íþróttahéraða, virkni þeirra og byggt brýr á milli sveitarfélaga og íþróttahéraða. Nú þegar hafa ýmis verkefni litið dagsins ljós – þar á meðal nýjungar sem styrkja starfið. Sameining íþróttahéraða er í farvatninu og nú stefnir í að öll íþróttahéruð verði sambandsaðilar UMFÍ. Eina

héraðið sem nú stendur útaf er ÍBV en stjórn UMFÍ hefur þegar samþykkt inngöngu þeirra með fyrirvara um samþykki þings ÍBV í vor.

Nú stendur endurskoðun íþróttalaga fyrir dyrum. Við þurfum að sýna frumkvæði, vera óhrædd við að skoða hlutverkaskiptingu þeirra ólíku aðila sem að starfinu koma. En við þurfum líka að ræða fullan aðskilnað á fjárhagstengingum innan félaga á milli barna- og unglingastarfs og starfi meistaraflokka. Mögulega skapast líka tækifæri á að svara túlkun skattayfirvalda og tryggja endurgreiðslu tryggingagjalds og virðisaukaskatts. Stjórnvöld þurfa auk þess að styðja betur við byggðastefnu sína með verulega auknum stuðningi á ferðakostnaði.

Margt er framundan.

Við getum ekki setið lengur á okkur. Nú verðum við að nýta tækifærið og fara í samtalið.

Knattspyrnuhreyfingin er stærsta sérsambandið innan íþróttahreyfingarinnar. Þar er mikil reynsla og öflugt fólk með mikla þekkingu og eftirtektarvert frumkvæði. Ég vísa þar í heimboð sem KSÍ sendi forsvarsfólki sérsambanda í vikunni og bauð í óformlegt spjall. Slíkt frumkvæði er til fyrirmyndar. Í slíku boði gerast þessir félagslegu töfrar sem skila oft ómetanlegum árangri. Ég hlakka til að sjá afrakstur heimboðsins.

Höldum áfram að þora, standa undir því að vera þær fyrirmyndir sem við viljum að íþróttahreyfingin standi fyrir, verum óhrædd við að sýna frumkvæði og vinnum saman að því að gera íþróttahreyfinguna alla enn betri.

Það er okkur öllum og samfélaginu til góða.

Ég óska knattspyrnuhreyfingunni velfarnaðar, þakka starfsmönnum og sjálfboðaliðum fyrir óeigingjarnt starf, og óska ykkur góðs gengis á þinginu í dag.

Að ávörpum loknum veittu þeir Þorvaldur Örlygsson, formaður KSÍ, og Halldór Breiðfjörð Jóhannsson, stjórnarmaður KSÍ, eftirtöldum aðilum viðurkenningar:

Margrét Elíasdóttir hlaut silfurmerki KSÍ

Unnar Stefán Sigurðsson hlaut gullmerki KSÍ

Gunnar Guðmundsson hlaut heiðurskross KSÍ

Helgi R. Magnússon hlaut heiðurskross KSÍ

Álit kjörbréfanefndar

Rúnar V. Arnarson, formaður kjörnefndar, flutti álit kjörbréfanefndar.

Félag	Réttur til þingsetu	Mæting	Þingfulltrúar
Afríka	1	1	Zakaria Elias Anbari.
Afturelding	4	4	Erla Eiríksdóttir, Agnar Freyr Gunnarsson, Gísli Elvar Halldórsson, Anna Kristín Ármannsdóttir.
Augnablik	1	1	Tanja Tómasdóttir.
Álafoss	1	1	Patrekur Orri Guðjónsson.
Álftanes	1	1	Ívar Ásgrímsson.
Breiðablik	4	4	Flosi Eiríksson, Bjarni Bergsson, Ragna Björg Einarisdóttir, Hlynur Höskuldsson.
Dalvík/Reynir	2	2	Ingvar Örn Sigurbjörnsson, Jón Már Jónsson.
Elliði	1	1	Atli Már Agnarsson.
FH	4	4	Valdimar Svavarsson, Freydís Karlsdóttir, Viðar Halldórsson, Arnar Ægisson.
Fjölur	3	2	Birgir Örn Birgisson, Veselin Chilingirov.
Fram	4	4	Guðmundur Torfason, Daði Guðmundsson, Kristinn Bjarnason, Daði Arnarsson.
Fylkir	3	3	Ragnar Páll Bjarnason, Hjördís Jóhannesdóttir, Edda Sif Sigurðardóttir.
Grindavík	3	3	Haukur Guðberg Einarsson, Rúnar Sigurður Sigurjónsson, Anton Ingi Rúnarsson.
Gróttá	3	3	Alma Sól Valdimarsson, Harpa Frímannsdóttir, Magnús Helgason.
Hamar	1	1	Guðfinna Ýr Sumarliðadóttir
Haukar	3	2	Stefán Logi Magnússon, Halldór Jón Garðarsson.
HK	3	3	Sandra Sigurðardóttir, Hafsteinn Briem, Þorvar Hafsteinsson.
Höttur/Huginn	2	2	Guðmundur Bj. Hafþórsson, Sveinn Ágúst Þórsson.
Hvíti riddarinn	1	1	Guðbjörn Smári Birgisson
FHL	4	4	Matthías Tim Sigurðarson Rühl, Valgeir Sveinn Eyþórsson, Anton Helgi Loftsson, Huguín Hjálmarsson.
ÍA	4	4	Eggert Herbertsson, Ingimar Elí Hlynsson, Linda Dagmar Hallfreðsdóttir, Anna María Þórðardóttir.
ÍBV íþróttafélag	4	4	Óskar Snær Vignisson, Magnús Sigurðsson, Jón Ingason, Arnar Gauti Grettisson.
ÍR	3	2	Auður Sólrún Ólafsdóttir, Íris Elíasdóttir
KA	4	2	Hjörvar Maronsson, Sævar Pétursson.
KÁ	1	1	Friðleifur Friðleifsson
Keflavík	3	3	Ragnar Aron Ragnarsson, Benedikta S. Benediktsdóttir, Ólafur Bjarnason.
KF	1	1	Baldvin Már Borgarsson.
KFG	1	1	Sindri Rósenkranz.
KFR	1	1	Tinna Erlingsdóttir.
KFS	1	1	Hjalti Kristjánsson.
KH	1	1	Jóhanna Gunnlaugsdóttir
KM	1	1	Alexandre Fernandez Massot
KR	4	4	Páll Kristjánsson, Indriði Sigurðsson, Svala Sigurðardóttir, Geir Þorsteinsson.
Kría	1	1	Þorsteinn Ingason

KV	1	1	Oddur Ingi Bjarnason
KFA	2	2	Jóhann Ragnar Benediktsson, Heimir Þorsteinsson.
Leiknir R.	3	3	Sigþór Júlíusson, Oscar Clausen, Eyjólfur Tómasson.
Magni	1	1	Gísli Gunnar Oddgeirsson.
Njarðvík	3	3	Hjalti Már Brynjarsson, Ingi Þór Þórisson, Kristinn Björnsson.
Reynir S.	1	1	Andri Þór Ólafsson.
Selfoss	3	3	Halldór Bjarki Guðmundsson, Guðjón Bjarni Hálfánarson, Dagný Hróbjartsdóttir.
Sindri	1	1	Kristján Sigurður Guðnason.
Stjarnan	4	4	Sæmundur Friðjónsson, Baldvin Sturluson, Áslaug Auður Guðmundsdóttir, Andri Sigurjónsson.
Tindastóll	4	2	Lee Ann Maginnis, Snæbjört Pálsdóttir.
Uppsveitir	1	1	Gestur Einarsson.
Valur	4	4	Styrmir Þór Bragason, Breki Logason, Hilmar Þorsteinn Hilmarsson, Gunnar Gylfason.
Vestri	4	4	Samúel Samúelsson, Ívar Pétursson, Jóhann Króknes Torfason, Jón Hálfán Pétursson.
Víðir	2	2	Gísli Heiðarsson, Eva Rut Vilhjálmsdóttir.
Víkingur Ó.	2	1	Jóhann Pétursson.
Víkingur R.	4	4	Guðjón Guðmundsson, Hrannar Már Gunnarsson, Berglind Bjarnadóttir, Katla Guðjónsdóttir.
Vængir Júpíters	1	1	Helgi Þorsteinsson.
Völsungur	3	3	Ármann Örn Gunnlaugsson, Sindri Ingólfsson, Freyr Friðfinnsson.
Ýmir	1	1	Baldur Már Bragason.
Þór/KA	4	4	Sveinn Elías Jónsson, John Júlíus Cariglia, Ingi Hrannar Heimisson, Aðalgeir Axelsson.
Þróttur R.	4	4	Pála Þórisdóttir, Kristján Kristjánsson, Kristófer Ólafsson, Valdimar Karl Sigurðsson.
Þróttur V.	2	2	Marteinn Ægisson, Hilmar Ólafsson.
Ægir	2	2	Guðbjartur Örn Einarsson, Lárus Arnar Guðmundsson.
Samtals:	136	128	

Fyrirnefndir 128 fulltrúar frá 57 félögum mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Konur eru 21% þingfulltrúa og karlar 79%.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Eysteinn Pétur Lárusson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar. Skýrsluna er að finna á sérstakri heimasíðu sem búin var til um skýrslu stjórnar og hvatti Eysteinn þingfulltrúa til að skoða bæði ársreikninga og skýrslu stjórnar.

Kristján Ragnarsson, endurskoðandi reikninga, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Kristján fór yfir ársreikning KSÍ og benti m.a. á að tekjur KSÍ fyrir árið 2024 hafi numið rúmum 2 milljörðum og hafi verið mjög í takt við áætlun, frávik upp á 0,4%. Styrkir frá UEFA og FIFA hafi verið 77% af heildartekjum KSÍ. Gjöld á árinu 2024 námu 1.968 milljónum og voru nokkuð í takt við áætlun, munaði rétt rúmum 30 milljónum. Helst voru það afskriftir fastafjármuna og rekstur á tölvukerfi, vinnsla við nýja heimasíðu og mótakerfi sem vegur þyngst.

Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaganna var um 112 milljónir. Ráðstöfun til aðildarfélaganna nam um 97 milljónum króna og því var afkoma sambandsins á árinu jákvæð um 15 milljónir króna.

Kristján fór einnig yfir efnahagsreikning KSÍ. Fastafjármunir KSÍ voru 457 milljónir króna og veltufjármunir 1.026 milljónir, þar af handbært fé um 347 milljónir. Heildar eignir KSÍ voru því um 1,5 milljarður króna í lok árs 2024. Engar langtímaskuldbindingar.

Ársreikningur KSÍ hefur verið birtur á heimasíðu sambandsins, ásamt greinargerð, frekari skýringum og sundurliðun, sem Kristján hvatti fólk til að kynna sér.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar sagði að niðurstaða ársreikninga væri KSÍ til sóma. Hann sagði jafnframt að mikilvægt væri að huga að því hvernig hægt væri að koma frekari fjármunum út í grasrótina og félögin. Viðar sagði einnig að mikilvæg væri að skoða bikarkeppni KSÍ til þaula því hún væri rekin með tapi. Að endingu þakkaði Viðar fyrir góðan ársreikning og gott uppgjör.

Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 14

Tillögur á þingskjölum 6 til 14 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Eysteinn Pétur Lárusson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun 2025

	Áætlun 2025	Raun 2024	Áætlun 2024
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	1.281.224.787	1.217.254.769	1.257.302.750
Tekjur af landsleikjum	132.326.503	154.217.838	120.782.669
Sjónvarpsréttur	437.955.286	449.325.138	452.298.951
Aðrar rekstrartekjur	138.688.150	121.787.657	122.191.256
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	80.777.911	80.828.420	78.460.106
	2.070.972.637	2.023.413.822	2.031.035.733
Rekstrargjöld			
Kostnaður við landslið	-949.503.802	-933.603.880	-944.609.994
Mótakostnaður	-292.412.026	-287.631.830	-287.764.269
Fræðslukostnaður	-75.188.141	-77.818.489	-71.202.936
Skrifstofu- og rekstrarkostnaður	-440.274.775	-448.477.023	-434.973.158
Húsnæðiskostnaður	-31.000.000	-31.637.166	-27.400.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	-121.659.663	-130.027.546	-124.868.264
Afskriftir	-53.600.000	-58.828.832	-47.000.000
	-	-	-
	1.963.638.408	1.968.024.766	1.937.818.620
Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld	107.334.230	55.389.056	93.217.112
Aðrar tekjur og gjöld			
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ	12.202.966	26.797.034	0
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ	-12.202.966	-26.797.034	0
Fjármagnsliðir	26.000.000	56.528.333	25.000.000
	26.000.000	56.528.333	25.000.000
Hlutdeild í afkomu Þjóðarleikvangs ehf	0	-121.236	0
Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga	133.334.230	111.796.153	118.217.112
Greiðslur til aðildarfélaga	-96.290.000	-96.851.800	-96.450.000
Hagnaður/(Tap) ársins	37.044.230	14.944.353	21.767.112

Stjórn KSÍ

Sundurliðanir

Styrkir og framlög	Áætlun 2025	Raun 2024	Áætlun 2024
ÍSÍ	76.600.000	51.341.071	49.000.000
Íslenskar getraunir	22.500.000	20.073.864	19.600.000
UEFA	685.762.000	689.262.628	757.136.250
FIFA	304.462.787	264.317.213	261.954.000
Ýmsir styrkir	191.900.000	192.259.993	169.612.500
	1.281.224.787	1.217.254.769	1.257.302.750
Aðrar rekstrartekjur			
Fræðslutekjur	31.120.000	30.393.616	26.120.000
Mótatekjur	90.268.150	74.488.568	83.634.781
Erlendar leyfistekjur	2.300.000	1.971.429	5.590.625
Viðburðir og aðrar tekjur	15.000.000	14.934.044	6.845.850
	138.688.150	121.787.657	122.191.256
Kostnaður við landslið			
A-landslið karla			
Ferðakostnaður	181.462.100	199.880.235	196.850.000
Laun og verktakagreiðslur	88.846.120	89.557.201	104.254.840
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	54.900.000	52.667.777	33.280.000
	325.208.220	342.105.213	334.384.840
U-21 landslið karla			
Ferðakostnaður	59.102.000	39.516.967	47.180.000
Laun og verktakagreiðslur	24.077.138	18.607.990	27.090.483
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	5.200.000	11.369.811	7.400.000
	88.379.138	69.494.768	81.670.483
U-19 landslið karla			
Ferðakostnaður	21.471.700	15.884.871	23.889.600
Laun og verktakagreiðslur	17.831.845	17.247.797	17.409.499
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	7.240.000	4.337.355	5.200.000
	46.543.545	37.470.023	46.499.099
U-17 landslið karla			
Ferðakostnaður	21.233.600	20.454.149	16.674.000
Laun og verktakagreiðslur	18.711.845	15.992.773	17.324.499
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	7.240.000	19.437.110	5.200.000
	47.185.445	55.884.032	39.198.499
A-landslið kvenna			
Ferðakostnaður	130.315.000	125.564.504	133.125.000
Laun og verktakagreiðslur	64.485.650	70.604.981	66.769.695
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	39.400.000	45.757.063	31.082.500
	234.200.650	241.926.548	230.977.195
U-23 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	6.216.000	2.546.048	20.670.000
Laun og verktakagreiðslur	1.120.000	1.518.040	1.350.000
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	600.000	479.849	600.000
	7.936.000	4.543.937	22.620.000

U-19 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	18.367.760	15.855.513	16.857.100
Laun og verktakagreiðslur	18.154.915	14.377.213	16.060.570
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	6.880.000	8.451.584	6.740.000
	43.402.675	38.684.310	39.657.670
U-17 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	25.506.700	21.378.742	18.207.100
Laun og verktakagreiðslur	20.299.915	17.238.483	16.990.570
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	6.880.000	5.464.251	6.740.000
	52.686.615	44.081.476	41.937.670
TDS	38.267.787	30.868.213	34.391.000
Hæfileikamótun	39.873.728	28.626.801	33.780.058
Sameiginlegur landsliðskostnaður	25.820.000	39.918.559	39.493.480
Kostnaður við landslið	949.503.802	933.603.880	944.609.994
Mótakostnaður			
Dómaralaun og launatengd gjöld	198.810.446	189.526.905	188.853.917
Flug, hótél og bílaleigubílar dómara	26.830.765	27.549.286	23.000.000
Annar dómarakostnaður	20.000.000	25.121.841	26.730.352
Evrópukeppni félagsliða	10.512.000	16.173.751	12.000.000
Markaðs- og auglýsingakostnaður	10.081.000	5.673.028	10.940.000
Annar mótakostnaður	26.177.816	23.587.019	26.240.000
	292.412.026	287.631.830	287.764.269
Fræðslukostnaður			
Laun og verktakakostnaður	43.804.941	47.358.986	43.552.736
Landshlutaverkefni	3.000.000	3.078.676	2.500.000
Námskeið og kennslugögn	17.383.200	21.967.509	18.150.200
Samfélagsleg verkefni	11.000.000	5.413.318	7.000.000
	75.188.141	77.818.489	71.202.936
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	336.294.775	325.953.477	333.383.158
Annar starfsmannakostnaður	7.000.000	7.405.182	6.500.000
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	7.700.000	7.126.436	7.910.000
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	25.000.000	38.196.197	25.000.000
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	20.200.000	16.570.289	20.100.000
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	24.000.000	23.148.846	20.000.000
Ársþing	7.500.000	13.451.563	12.000.000
Styrkir, framlög og gjafir	5.000.000	5.095.677	5.000.000
Árgjald UEFA og FIFA	80.000	122.812	80.000
Annar skrifstofu- og rekstrarkostnaður	7.500.000	7.404.049	5.000.000
Varúðarniðurfærsla krafna, breyting	0	4.002.495	0
	440.274.775	448.477.023	434.973.158
Húsnæðiskostnaður			
Tryggingar	1.400.000	1.284.925	1.200.000
Húsnæðiskostnaður	29.600.000	30.352.241	26.200.000
	31.000.000	31.637.166	27.400.000

Enginn kvaddi sér hljóðs í umræðum um fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingforseti, Gísli Gíslason, kynnti nýjan lið í dagskrá þingsins, sem samþykktur í fyrra. Þar er stjórn ÍTF gefinn kostur á að leggja fram skýrslu fráfarandi stjórnar ÍTF, endurskoðaða reikninga, fjárhagsáætlun og starfsáætlun.

Ólafur Hrafn Ólafsson, varaformaður ÍTF, tók til máls. Aðalfundur ÍTF var haldinn 12. febrúar þar sem tveir nýir aðilar voru kosnir í stjórn. Heimir Fannar Gunnlaugsson var kjörinn formaður ÍTF og Ólafur Hrafn Ólafsson var kjörinn varaformaður. Ólafur Hrafn notaði tækifærið og þakkaði þeim Orra Hlöðverssyni, fráfarandi formanni ÍTF, og Jóni Rúnari Halldórssyni, fráfarandi varaformanni, fyrir þeirra störf í þágu ÍTF.

Ólafur Hrafn benti á að ársreikningur ÍTF og fjárhagsáætlun væri aðgengilegt á heimasíðu félagsins og hvatti áhugasama um að skoða þessi gögn. Hann hvatti fólk jafnframt til að hafa samband við framkvæmdastjóra ÍTF ef einhverjar spurningar vakna.

Ólafur Hrafn sagði að lokum að ÍTF bjóði öllum sem vilja í boð að ársþingi KSÍ loknu. Allir væru velkomnir, hvort sem þau væru aðilar að ÍTF eða ekki.

Umræður:

Sveinn Elías Jónsson (Þór) tók til máls og óskaði eftir því að stjórn ÍTF myndi framvegis gera ítarlegri grein fyrir ársreikningi sínum og fjárhagsáætlun, á ársþingi KSÍ. Á síðasta ársþingi hafi verið mikill meirihluti fyrir því að svo yrði gert. Sveinn Elías nefndi að ÍTF velti miklum fjármunum og gott væri að fá frekari skýringu og sundurliðun á úthlutun og meðhöndlun þeirra fjármuna, skiptingu milli Bestu deilda karla og kvenna og Lengjudeildanna. Hann benti jafnframt á að ársskýrslan ÍTF væri ekki á heimasíðu félagsins.

Marteinn Ægisson (Þróttur V.) tók til máls. Marteinn rifjaði upp að á síðasta ársþingi hafi sú tillaga að gefa ÍTF kost á að kynna skýrslur sínar hlotið 80% greiddra atkvæða og að tillögunni stóðu 12 félög. Tillagan hafi verið lögð fram í anda samstöðu og bræðralags og til að efla gagnsæi. Marteinn lýsti yfir ánægju sinni að stjórn ÍTF hafi þennan vettvang til að gera frekari grein fyrir sínum málum og óskaði ÍTF velfarnaðar og sagðist hlakka til að fylgjast með framþróun þeirra til næstu ára, fótboltanum til mikilla heilla.

Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.

Þingforseti tilkynnti að kosning um tillögur yrði rafræn. Við tók kynning á fyrirkomulagi rafrænna kosninga og kosningakerfi.

Þingskjal 7

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir (stjórn KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga

- Viðurlagaheimild leyfisráðs og leyfisdóms -

Eftirfarandi breytingar eru lagðar til á lögum KSÍ.

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **rauðmerktar**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS**40. grein - Lögsaga o.fl.**

- 40.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, **leyfisráð KSÍ**, siðanefnd KSÍ, **leyfisdómstóll KSÍ** og áfrýjunardómstóll KSÍ hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands, sem varða lög og reglugerðir KSÍ eftir því sem við á. Dómstóll ÍSÍ er þó ávallt fyrsta dómstig er varða brot á 2. grein og 10. grein í lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands.

VIII. KNATTSPYRNUMÓT**43. grein - Leyfiskerfi**

- 43.1 Aðildarfélög, sem eiga rétt á þátttöku í efstu og 1. deild Íslandsmótsins í meistaraflokki karla og í efstu deild Íslandsmótsins í meistaraflokki kvenna skulu árlega sækja um þátttökuleyfi.
- 43.2 Til þess að fá þátttökuleyfi skulu félögin uppfylla tilteknar kröfur KSÍ varðandi skipulag, aðstöðu og fjármál. Kröfurnar eru byggðar á samræmdum staðli UEFA og íslenskum aðstæðum.
- 43.3 Stjórn KSÍ skal gefa út leyfisreglugerð KSÍ, sem gerir grein fyrir ofangreindum kröfum og leyfisferlinu. Leyfisreglugerðin skal vera samþykkt af UEFA.
- 43.4 Leyfisnefndir, kjörnar á knattspyrnuþingi, stýra leyfisferlinu ásamt leyfisstjóra sem starfar á skrifstofu KSÍ. **Leyfisnefndir geta tekið ákvarðanir um viðurlög skv. lögum þessum og leyfisreglugerð KSÍ gegn aðildarfélögum innan leyfiskerfis KSÍ.**

Greinargerð

Tillaga er lögð fram á knattspyrnuþingi 2025 af stjórn KSÍ. Um ræðir breytingu sem er liður í vinnu starfshóps sem samþykkt var að skipa á ársþingi KSÍ 2024 og vinnur að því að einfalda framkvæmd leyfiskerfis KSÍ. Markmið breytingartillögu er að leyfisráði og leyfisdómi KSÍ verði gert kleift að taka ákvörðun um viðurlög skv. lögum KSÍ og leyfisreglugerð KSÍ gagnvart aðildarfélögum innan leyfiskerfis KSÍ í stað þess að vísa þurfi einstökum brotum til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Er þannig gert ráð fyrir því að viðurlagaheimildir við einstökum brotum á leyfiskerfi KSÍ verði færð úr reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og yfir í leyfisreglugerð KSÍ. Mikil einföldun felst á því að ákvarðanir í tengslum við leyfiskerfi KSÍ séu teknar alfarið af leyfisnefndum sem kjörnar eru á ársþingi. Um leið mun það minnka álag á aga- og úrskurðarnefnd KSÍ.

Til upplýsinga er viðurlagakafli um leyfiskerfi KSÍ svohljóðandi í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál:

14. grein - Leyfiskerfi KSÍ

- 14.1 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ ákveður viðurlög við einstökum brotum á leyfiskerfi KSÍ að fengnum viðeigandi formlegum ábendingum og upplýsingum frá leyfisstjórn, sbr. það sem fram kemur hér í greininni.

14.2 Eftirfarandi refsíákvæði eiga við um Leyfiskerfi KSÍ:

14.2.1 Starfsnefndir og ráð.

Einstaklingar, sem eru í starfsnefndum eða ráðum sem tengjast leyfiskerfinu, eða hafa tekið að sér að vinna ákveðin verkefni fyrir leyfisstjórn og brjóta þann trúnað, sem þar er kveðið á um, skulu hljóta áminningu frá KSÍ og víkja úr öllu starfi, nefndum og ráðum sem tengjast leyfiskerfinu.

14.2.2 Tímamörk ekki uppfyllt.

Ef leyfisumsækjandi uppfyllir ekki sett tímamörk um framlagningu leyfisgagna skal hann sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita:

- a) Viðvörðun og sekt; við fyrsta brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 5.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr. 200.000.
- b) Áminning og sekt; við ítrekað brot skal beita dagsektum að upphæð kr. 10.000 fyrir hvern dag sem líður þangað til viðeigandi gögnum hefur verið skilað, að hámarki kr. 500.000.
- c) Stigatap; við alvarlegt og ítrekað brot er jafnframt heimilt að draga allt að 3 stig frá félaginu í deildarkeppninni.
Ítrekunarkvöð fellur niður ef tímamörk hafa verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.

14.2.3 Röng leyfisgögn.

Félag, sem verður uppvíst að því að hafa vísitandi lagt fram röng eða fölsuð gögn/skjöl með umsókn um þátttökuleyfi, skal sæta viðurlögum. Við ákvörðun þeirra skal taka mið af því hve alvarlegt brotið er. Eftirfarandi viðurlögum er hægt að beita:

- a) Viðvörðun og sekt, að upphæð allt að kr. 200.000.
- b) Áminning og sekt, að upphæð allt að kr. 500.000.
- c) Stigatap; ef brotið telst alvarlegt og vísitandi er jafnframt heimilt að draga allt að 6 stig frá félaginu í deildarkeppninni.
- d) Afturköllun þátttökuleyfis; við mjög alvarlegt og ítrekað brot getur KSÍ afturkallað þátttökuleyfi félagsins í deildinni, og hefur þar með heimild til að vísa félaginu úr deildinni til loka keppnistímabilsins. Jafnframt getur félagið ekki tekið þátt í Evrópukeppni. Félag, sem hefur verið vísað úr deild til loka keppnistímabils, skal leika einni deild neðar að ári.

14.2.4 Forsendur sem leiða til viðurlaga ef þær eru ekki uppfylltar.

Ef forsenda er ekki uppfyllt, sem er skilgreind þannig að slíkt leiðir aðeins til viðurlaga, sbr. grein 18 í Leyfisreglugerð KSÍ, skal taka mið af eftirfarandi viðurlögum:

- a) Fyrsta skipti, viðvörðun og sekt að upphæð allt að kr. 100.000.
- b) Annað skipti, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 200.000.
- c) Eftir það, áminning og sekt að upphæð allt að kr. 500.000. Ítrekunarkvöð fellur niður ef forsendan hefur verið uppfyllt í 3 ár samfleytt.

14.2.5 Frekari viðurlög. Frekari viðurlög geta átt við í sérstökum tilfellum, eins og að skylda félag til að senda réttindalausn þjálfara á þjálfaranámskeið til að afla sér tilskilinna réttinda innan ákveðinna tímamarka, o.s.frv.

Stjórn KSÍ

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 7.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8

Gunnar Gylfason (Valur) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar – Varamenn og starfsfólk á bekk í efstu deildum –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

9. grein – Leikskýrsla

9.6 Í keppni 7, 8 og 11 manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. Í keppni 7 og 8 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í keppni 11 manna liða í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útflendinga).

9.6.1 Í meistaraflokki í efstu deild karla, efstu deild kvenna og í aðalkeppni bikarkeppni karla og kvenna mega varamenn vera allt að 9 en þó aðeins ef a.m.k. tveir varamanna eru gjaldgengir í 2. aldursflokki félags. Heimild þessi nær ekki til eldri leikmanna sem kann að vera heimilt að leika í 2. aldursflokki kvenna (21 árs á almanaksárinu og eldri). Í meistaraflokki í efstu deild karla, efstu deild kvenna og í aðalkeppni bikarkeppni karla og kvenna mega vera allt að 8 menn í liðsstjórn.

37. grein – Sektir

37.6 Lið, sem nýtir sér heimild skv. grein 9.6.1 til að skrá 9 varamenn á leikskýrslu og a.m.k. tveir varamanna eru ekki gjaldgengir í 2. aldursflokki þá skal hlutaðeigandi félag sæta sekt að upphæð allt að kr. 250.000,-. Sé um að ræða brot á grein 9.6.1. og leikskýrsla hefur vísitandi verið ranglega fyllt út skal farið eftir grein 36.3.

Greinargerð

Tillagan gerir ráð fyrir að félögum í Bestu deildunum og aðalkeppnum Mjólkurbikarins sé heimilt að vera með allt að 9 varamenn, það er ekki skylda. Kjósi félög að vera með fleiri varamenn en 7 þá verði varamenn 8 og 9 að vera á 2. flokks aldri.

Vorið 2020 ákvað FIFA að fjölga leyfðum skiptingum í knattspyrnuleikjum úr 3 í 5. Þetta var gert til að mæta því aukna álagi sem þétt leikjadagskrá í COVID faraldrinum orsakaði. Þetta var hugsað til bráðabirgða en varð svo gert varanlegt í knattspyrnulögunum þar sem þetta reyndist vel, leikmenn, þjálfarar og áhorfendur ánægðir með breytinguna.

Í kjölfarið á þessum breytingum hafa flest lönd aukið fjölda varamanna á leikskýrslu. Fjöldi varamanna í nokkrum Evrópulöndum 2024.

7 varamenn á skýrslu Finnland, Færeyjar, Norður Írland og Wales


9 varamenn á skýrslu: Albanía, Belgía, Danmörk, England, Eistland, Írland, Lettland, Noregur, Portúgal, Skotland, Slóvakía og Svíþjóð,

Með þessari tillögu lagt til að íslensk knattspyrna fylgi þessari þróun sem meirihluti sambanda í Evrópu hefur markað. Þó er hér aðeins stigið lítið skref og fjölginin einskorðuð við Bestu deildir karla og kvenna,

Þar eru stærstu leikmannahóparnir og mestu bjargirnar til að mæta auknum kostnaði t.d. í ferðalögum. Þá er það að hafa fleiri varamenn valkvætt, ekki skylda.

Það er megin tilgangur tillögunnar er að auka möguleika yngri leikmanna á að afla sér meistaraflokksreynslu og því viljum við tryggja að þessi fjölgun varamanna nýtist yngri leikmönnum og einfaldasta leiðin til þess er að skilyrða að varamenn 8 og 9 séu á 2. flokks aldri. Tölur sýna að tækifæri leikmanna á annars flokks aldri eru afar takmörkuð en við að fá sæti á varamannabekk eru þeir þó skrefinu nær að fá mínútur og í öllu falli fá reynsluna að vera í hóp í Bestu deildinni eða Mjólkurbikarnum.

Spilmínútur leikmanna 2.flokks og yngri (fæddir 2005-2010) í Bestu deild karla 2024



Í umræðum um svipaða tillögu á 76. Ársþingi KSÍ var nefnt að varamannaskýli á völlum á Íslandi væru einhverjir ekki með nógu mörg sæti.

Varamannabekkir/skýli í Bestu deildinni 2025

14 sæti: Valur, ÍBV, FH, ÍA, KR, Afturelding, KA, Vestri, Stjarnan

19 sæti: Breiðablik, Víkingur, Fram

Í keppnum UEFA, þar sem 27 manns mega vera á varamannabekk, er heimilað að umfram aðilar hafi auka sæti við hlið hins eiginlega varamannabekks og er lagt til að slíkt verði einnig heimilað hér á landi í Bestu deildunum þar sem það á við. Þetta hefur verið gert í Evrópuleikjum hér á landi, t.d. á Valsvelli og Stjörnuvelli án vandræða og með endurbótum og uppbyggingu á knattspyrnuvöllum á Íslandi á næstu árum ætti þeim völlum að fjölga þar sem a.m.k. 18 sæti eru á hinum eiginlega varamannabekk. Þá hefur UEFA nýlega uppfært kröfur um fjölda sæta á varamannabekk upp í 20 sæti og munu vellir sem nota á í keppnum á vegum UEFA þurfa að uppfylla það skilyrði.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að ef forráðamenn liðs gera mistök við val og/eða skráningu á varamönnum með því að hafa fleiri varamenn á meistaraflokksaldri á bekk heldur en reglan heimilar þá verði félagið sektað. Hins vegar ef forráðamenn brjóta regluna vísitandi, væntanlega í þeim tilgangi að afla liði sínu forskot með auknum fjölda varamanna á meistaraflokksaldri, tapist leikurinn 0-3.

Breiðablik**Fram****FH****ÍA****KA****KR****Valur****Vestri****Víkingur R.**

Umræður um þingskjal 8:

Helga Helgadóttir (varaformaður KSÍ) tók til máls. Hún lýsti yfir ánægju með þessa tillögu og taldi hana til bóta. Hún hvort við værum að ganga lengra í viðurlögum með þessari tillögu en í öðrum sambærilegum aðstæðum. Helga nefndi sem dæmi að ef ólöglegur leikmaður er á bekknum og kemur ekki við sögu í leiknum, þá séu engin viðurlög. En í þessari tillögu geta lið tapað leik með ólöglegan varamanni. Hún kallaði eftir frekari umræðum frá félögnum og að allir séu þá sammála um að þetta sé það sem við viljum að reglugerðin ramma inn.

Trausti Hjaltason (landshlutafulltrúi KSÍ) tók til máls. Trausti velti upp þeim möguleika að þetta gæti minnkað möguleika minni liða á landsbyggðinni á að fá leikmenn að láni og einnig að þetta gæti reynst liðum sem eiga fáa leikmenn á 2. flokks aldri erfitt í framkvæmd. Trausti velti því fyrir sér hvort réttast væri að hafa aldurinn hærri en leikmenn á 2. flokks aldri.

Oscar Clausen (Leiknir R.) tók til máls. Óskar tók undir sjónarmið mannvirkjanefndar að þetta gæti reynst sumum félögum erfitt vegna stærða á búningsklefum og varamannabekkjum. Honum þótti einnig áhugavert að ekkert lið í neðri deildum kæmu að þessari tillögu.

Gunnar Gylfason (Valur) tók til máls. Gunnar sagði að upprunalega hafi þetta átt að vera breyting á reglum í efstu deildum karla og kvenna og því voru einungis lið í efstu deild sem kæmu að þessari tillögu. Varðandi ummæli Trausta sagði Gunnar að málefni ungra leikmanna væru okkur öllum hugfanginn en hann sagðist vera þeirrar skoðunar að þessi tillaga væri ungum leikmönnum til framdráttar en að hún hefði bæði kosti og galla. Varðandi viðurlögin, sem Helga nefndi, þá sagði Gunnar að þetta væri eingöngu tillaga um það hvernig eigi að hafa viðurlögin. Sumum hafi fundist þetta of strangt og öðrum fannst þetta ekki nægilega strangt.

Helga Helgadóttir (varaformaður KSÍ) tók til máls. Helga tók fram að hún væri í megin atriðum hlynnt þessari tillögu en lagði samt sem áður til breytingatillögu, þingskjal 8b:

Þingskjal 8b**Breytingartillaga til ályktunar**

– Varamenn og starfsfólk á bekk í efstu deildum –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2025 samþykki eftirfarandi breytingartillögu við þingskjal 8:

Lagt er til, verði tillaga að þingskjali 8 samþykkt, að stjórn KSÍ verði falið að útfæra nánar viðurlög vegna mögulegra brota á grein 9.6.1

Greinargerð

Tillagan gerir ráð fyrir að félögum geti í vissum tilvikum verið úrskurðaður 0-3 tap í leik ef brot hefur átt sér stað á nýju ákvæði, jafnvel þó svo að viðkomandi leikmaður hafi ekki tekið þátt í leik.

Stjórn KSÍ

Tillaga á þingskjali 8b var samþykkt. 88 greiddu atkvæði með tillögunni en 32 á móti.

Tillaga að þingskjali 8 var samþykkt með áorðnum breytingum. 79 greiddu atkvæði með tillögunni en 44 á móti.

Þingskjal 9

Hrannar Már Gunnarsson (Vikingur R.) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Áminningar og leikbann –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

IV. kafli. VIÐURLÖG OG REFSINGAR**13. grein - Viðurlög við agabrotum**

13.1 Viðurlög við agabrotum ákvarðast sem hér segir:

13.1.1 Leikmaður sem fær eftirfarandi fjölda áminninga á sama keppnistímabili skal úrskurðaður í leikbann sem hér segir:

a) Í Íslandsmóti og Meistarakeppni KSÍ (telur saman)

- 4 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 7 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- 10 áminningar – bann í 1 leik í Íslandsmóti
- Þriðja hver áminning eftir það - bann í 1 leik í Íslandsmóti

Leikmaður í félagi í efstu deild karla eða 1. deild karla sem fengið hefur 3 áminningar eða minna á yfirstandandi keppnistímabili að loknum 22. umferðum í efstu deild karla eða 1. deild karla skal ekki úrskurðaður í leikbann vegna 4. áminninga eftir upphaf á úrslitakeppni/umspili viðkomandi deilda.

Leikmaður í félagi í efstu deild kvenna sem fengið hefur 3 áminningar eða minna á yfirstandandi keppnistímabili að loknum 18. umferðum í efstu deild kvenna skal ekki úrskurðaður í leikbann vegna 4. áminninga eftir upphaf á úrslitakeppni viðkomandi deilda.

b) Í bikarkeppni KSÍ og í bikarkeppni neðri deilda (telur saman)

- 2 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda
- 4 áminningar – bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda
- Önnur hver áminning eftir það - bann í 1 leik í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda

Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í undankeppni í bikarkeppni KSÍ telja ekki í aðalkeppni hennar né í bikarkeppni neðri deilda. Úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna áminninga í undankeppni bikarkeppni KSÍ gilda þó í aðalkeppni í bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda. Áminningar sem leikmenn í meistaraflokki fá í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda telja ekki að loknum 8 liða úrslitum þeirra keppna. Úrskurðir sem kveðnir hafa verið upp um leikbönn vegna áminninga í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ eða í bikarkeppni neðri deilda að loknum 8 liða úrslitum gilda þó í báðum keppnum.

Núgildandi regla um fjölda gulra spjalda sem hefur þau áhrif á leikmaður sæti leikbanni hefur verið óbreytt um árabíl þrátt fyrir fjölgun leikja. Í dag eru spilaðar 27. umferðir í Bestu deild karla og allt að 23. umferðir í Bestu deild kvenna auk þess sem leikjum hefur fjölgað í Lengjudeild karla vegna umspils um sæti í Bestu deild karla.

Líta þarf til þess þegar kemur að reglum um fjölda áminninga sem leiða til leikbanns. Tillaga þessi felur í sér að leikmaður sem hefur fengið þrjú eða færri gul spjöld í fyrstu 22. umferðum Bestu deildar karla eða eftir 18. umferðir Bestu deildar kvenna og fær fjórða gula spjaldið í úrslitakeppni, verður ekki úrskurðaður í leikbann af þeim sökum heldur fær hann leikbann ef hann fær sjöunda gula spjaldið í úrslitakeppni. Sama gildir um umspil í Lengjudeild karla eftir 22. umferðir.

Þannig verður leikmanni sem fengið hefur tiltölulega fá spjöld ekki gert að sæta banni í úrslitakeppni eða umspili sem gætu verið úrslitaleikur um fall úr deild, evrópusæti eða Íslandsmeistaratitil, vegna fjögurra gulra spjalda. Núgildandi regla felur í sér að leikmaður sem spilar í Bestu deild karla og hefur fengið þrjú gul spjöld í umferðum 1. – 25. og fær sitt fjórða gula spjald í 26. umferð missir af lokaleik tímabilsins vegna fjögurra gulra spjalda í 26. umferðum. Verði tillagan samþykkt mun slíkt ekki koma til, og þurfa leikmenn í framangreindum deildarkeppnum að fá sjöunda gula spjaldið í úrslitakeppninni eða umspili til þess að hljóta leikbann – hafi þeir ekki fengið meira en þrjú gul spjöld fyrir upphaf úrslitakeppni eða umspils.

Víkingur R.

Umræður um þingskjal 9:

Helga Helgadóttir (varaformaður KSÍ) tók til máls. Helga vildi árætta að brottvísanir og áminningar væru til staðar til að vernda leikmenn og minnka líkur á grófum leik og meiðslahættu. Viðurlög um leikbönn eru sett til að styðja við þessi markmið, bætti Helga við. Hún sagði einnig að með því að breyta viðurlögum á þennan hátt, sem hér er lagt til, geta leikmenn í mörgum tilvikum fengið áminningu í flestum og jafnvel öllum leikjum í seinni hluta Íslandsmótsins, án þess að fara í leikbann. Helga sagði að í sínum huga væri þetta stór breyting sem mögulega gæti aukið meiðslahættu leikmanna og gert starf dómara erfiðara. Helga benti á að reglur hér væru vægari en í nágrannalöndum okkar, fleiri spjöld þyrfti hér á landi til að fara í annað leikbann vegna fjölda gulra spjalda og nágrannalönd okkar hafi ekki séð ástæðu til að breyta þessu hjá sér.

Patrekur Orri Guðjónsson (Álafoss) tók til máls. Patrekur vildi bæta 5. deildinni inn í þessa tillögu, en í þeirri deild er úrslitakeppni líkt og í Lengjudeild karla. Patrekur Orri lagði fram breytingatillögu, þingskjal 9b.

Þingskjal 9b:

Breytingartillaga til ályktunar – Áminningar og leikbann –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að gert sé ráð fyrir sama fyrirkomulagi í 5. deild karla. Þ.e. að leikmenn sem fengið hafa 3 áminningar eða minna fyrir úrslitakeppni, fari ekki í leikbann vegna 4. áminninga í úrslitakeppni.

Álafoss

Óskar Clausen (Leiknir R.) tók til máls. Óskar spurði hvort leikmaður með þrjú gul spjöld gæti fengið gult spjald í báðum undanúrslitaleikjunum í Lengjudeild karla án þess að fara í leikbann í úrslitaleiknum en leikmaður með tvö gul spjöld þegar kemur að úrslitakeppni færi í bann í úrslitaleiknum ef hann fengið gult í báðum undanúrslitaleikjunum. Hvort verið væri að núlla út öll spjöld sem leikmaður væri kominn með fyrir úrslitakeppni.

Hrannar Már Gunnarsson (Víkingur R.) tók til máls. Hrannar sagði að verið væri að taka það út að leikmaður færi í bann við fjórða gula spjalðið, komi það í úrslitakeppni. Leikmaður færi næst í bann fái hann sjö gul spjöld. Leikmaður sem væri með þrjú gul spjöld eftir 22 umferðir færi ekki í bann fyrr en við 7. áminningu.

Helga Helgadóttir (varaformaður KSÍ) tók til máls. Helga útskýrði fyrir þingheimi að komi leikmaður inn í úrslitakeppni efstu deildar með tvö gul spjöld, þá gæti viðkomandi leikmaður fengið spjald í hverjum einasta leik í úrslitakeppninni án þess að fá leikbann.

Baldur Már Bragason (Ýmir) tók til máls. Baldur sagði að við værum að færast fjær öðrum löndum með þessari tillögu, þegar erfiðara væri að fara í leikbann fyrir fjölda spjalda. Hann tók jafnframt undir með Helgu og sagði það einkennilegt að leikmaður gæti fengið spjald í öllum leikjum í úrslitakeppni án þess að fara í bann.

Gunnar Gylfason (Valur) tók til máls og lagði fram breytingatillögu, þingskjal 9c.

Þingskjal 9c:

Breytingartillaga til ályktunar

– Áminningar og leikbann –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að leikmenn sem fengið hafa 3 áminningar eða færri eftir 22 umferðir í Bestu deild karla og Lengjudeild karla, að ein áminning verði dregin af þeim. Þetta sama eigi við eftir 18 umferðir í Bestu deild kvenna.

Valur

Tillaga að þingskjali 9b var samþykkt með 88 atkvæðum gegn 29.

Tillaga að þingskjali 9c var samþykkt með 85 atkvæðum gegn 38.

Tillaga á þingskjali 9, með áorðnum breytingum, var samþykkt 74 atkvæðum gegn 48.

Þingskjal 10

Ívar Pétursson (Vestri) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Erlendir leikmenn –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga:

Það sem lagt er til að falli út er ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við er **rauðmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

VI. kafli. FÉLAGASKIPTI INNANLANDS23. grein – *Erlendir leikmenn*

22.1 Erlendur ríkisborgari telst hlutgengur hafi hann keppnisleyfi útgefið af skrifstofu KSÍ. Ekki geta fleiri en ~~þrjú~~ **fimm** erlendir leikmenn frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi verið skráðir á leikskýrslu í 1. aldursflokki í hvert sinn í leik á vegum KSÍ. Leikmaður með breskt ríkisfang (England, Norður Írland, Skotland og Wales) sem fengið hefur útgefið keppnisleyfi hjá aðildarfélagi KSÍ fyrir 1. janúar 2021 (Brexit) telst ekki á meðal þeirra **fimm** erlendu leikmanna frá öðrum löndum en Evrópska efnahagssvæðinu, Færeyjum og Grænlandi sem geta verið á leikskýrslu í 1. aldursflokki.

Greinargerð

Reglugerðin var upphaflega sett til að vernda stöðu íslenskra leikmanna og að takmarka fjölda erlendra leikmanna í hverju liði. Eftir að löggjöf var breitt og leikmenn þjóða innan EES hættu að teljast erlendir þá er ekki eðlilegt að leikmönnum sem sérstaklega mismunað eftir þjóðerni.

Sú breyting hefur verið gerð frá því þetta ákvæði var sett inn að allir erlendir leikmenn sem koma frá löndum utan EES þurfa að fá hér atvinnu – og dvalarleyfi sem þeir þurftu ekki áður og er regluverk í kringum þau leyfi orðin býsna ströng. Það eitt og sér er nægjanleg takmörkun á fjölda erlendra leikmanna sem koma frá löndum utan EES.

Þessu til viðbótar má jafnframt benda á að í efstu deild karla og 1. deild karla skulu félög senda inn leikmannalista sem hafa ákveðnar takmarkanir gagnvart erlendum leikmönnum, þ.e. skilyrði eru sett varðandi uppalda leikmenn og þ.a.l. takmarkanir gagnvart erlendum leikmönnum.

Vestri

ÍA

Umræður um þingskjal 10:

Pálmi Haraldsson (stjórn KSÍ) tók til máls. Pálmi sat í knattspyrnu- og þróunarnefnd og vildi koma á framfæri athugasemdum sem sú nefnd hafði við þessa tillögu:

Í mótareglum fyrir efstu deild karla og 1. deild karla eru takmarkanir gagnvart erlendum leikmönnum. Þar eru skilyrði sett sem varða uppalda leikmenn. Í reglunum segir m.a. að á leikmannalista A skal skrá að hámarki 25 leikmenn og skulu 8 af þeim hafa verið skráðir hjá aðildarfélögum KSÍ á aldurstímabilinu 15 ára til 21 árs. Þetta er úr 9. grein reglugerðar um knattspyrnumót. Í því fellst að reglugerðin setur beinar takmarkanir um lágmarkshlutfall uppaldra leikmanna, sem gott er að viðhalda hvort sem ársþing ákveður að samþykkja þessa tillögu eða ekki. Þessa má geta að lið geta sótt fullt lið frá Spáni en ekki Marokkó. Lið geta sótt fullt lið leikmanna frá Írlandi en ekki Norður Írlandi. Og áfram mætti telja. Nefndin leggur mikla áherslu á að ávallt skal huga að spilatíma ungra íslenskra leikmanna. Einnig er mikilvægt að tryggja erlendum leikmönnum öll þau réttindi sem íslensk vinnulöggjöf kveður á um.

Ívar Pétursson (Vestri) tók til máls. Hann tók undir orð Pálma um að hlúa þurfi að ungum leikmönnum. Ívar sagði að það væri risastór ákvörðun hvers félags að taka erlendan leikmann og taldi að þessi tillaga myndi ekki breyta því. Þetta myndi eingöngu stækka markaðssvæðið og hægt væri að velja betri karaktera og leikmenn.

Tillaga á þingskjali 10 var samþykkt með 93 atkvæðum gegn 27.

Þingskjal 11

Haukur Hinriksson (KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Nýjar siðareglur KSÍ –**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki nýjar siðareglur KSÍ:

Með fylgja tillögur að nýjum siðareglum í heild sinni.

Greinargerð:

Haustið 2021 var sett af stað vinna af hálfu KSÍ í þeim tilgangi að endurskoða siðareglur sambandsins en sú vinna var stöðvuð þar sem von var á að samræmdar reglur yrðu settar fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Þær reglur hafa ekki orðið að veruleika. Í kjölfarið skipaði stjórn KSÍ, á fundi sínum 6. október 2022, nýjan starfshóp um endurskoðun á siðareglum KSÍ. Verkefni hópsins var að endurskoða siðareglur KSÍ m.t.t. siðareglna FIFA og UEFA. Einnig bar hópnum að taka tillit til hvers konar annarra þátta hér á landi sem hópurinn telur viðeigandi að horfa til við endurskoðun siðareglna KSÍ. Í starfshópnum sátu Ragnhildur Skúladóttir (formaður), Birgir Tjörvi Pétursson, Einar Páll Tamimi, Gísli Gíslason, Sigurbjörg Sigurpálsdóttir og Haukur Hinriksson (starfsmaður).

Starfshópur um endurskoðun siðareglna skilaði greinargerð og tillögu að nýjum siðareglum KSÍ í febrúar 2024 og voru niðurstöður kynntar á fundi stjórnar KSÍ þann sama mánuð. Vinna starfshópsins og nýjar siðareglur KSÍ hafa verið kynntar ítarlega fyrir aðildarfélögum KSÍ og öðrum hagsmunaaðilum með pósti, sérstakri kynningu á myndskaiði sem send var aðildarfélögum KSÍ ásamt því að tillögur voru kynntar á fundi formanna og framkvæmdastjóra í nóvember 2024. Tekið hefur verið tillit til þeirra athugasemda sem borist hafa frá aðildarfélögum KSÍ og nýjar reglur verið lagaðar að því.

Stjórn KSÍ

Efnisyfirlit

I. Almennt.....	36
1. grein - Gildissvið.....	36
2. grein – Skipan siðanefndar KSÍ.....	36
3. grein – Lögsaga og hlutverk.....	36
II. Málsmeðferð.....	36
4. grein – Kærur.....	36
5. grein – Uppkvaðning úrskurða og gildistaka.....	37
6. grein – Efni úrskurða og birting.....	37
7. grein - Sönnunargögn og sönnunarkrafa.....	37
III. Háttsemisreglur.....	38
8. grein - Almennar reglur.....	38
9. grein - Hlutleysi.....	38
10. grein - Trúnaður.....	38
11. grein - Þagnarskylda.....	38
12. grein - Tilkynningarskylda.....	38
13. grein - Samstarf.....	39
14. grein - Hagsmunaárekstur.....	39
15. grein - Gjafir og önnur fríðindi.....	39
16. grein - Þóknun.....	40
17. grein - Mismunun og ærumeiðingar.....	40
18. grein - Líkamleg og andleg helgi.....	40
19. grein - Fölsun.....	41
20. grein - Misnotkun á stöðu.....	41
21. grein - Þátttaka í veðmálum, fjárhættuspilum eða álíka starfsemi.....	41
22. grein - Mútur og spilling.....	41
23. grein - Misnotkun fjármuna.....	42
24. grein - Hagræðing knattspyrnuleikja eða knattspyrnumóta.....	42
IV. Áfrýjun.....	42
25. grein – Málskot til áfrýjunardómstóls KSÍ.....	42
V. Lokaákvæði.....	42
26. grein - Samþykkt og gildistaka.....	42

I. Almenn

1. grein - Gildissvið

- 1.1 Siðareglur þessar gilda um alla þá sem taka að sér hlutverk fyrir knattspyrnuhreyfinguna á Íslandi, svo sem stjórnarmenn, starfsfólk, leikmenn, umboðsmenn, sjálfboðaliða og hverja þá aðra sem sinna trúnaðarstörfum í einhverju formi fyrir KSÍ, aðildarfélög og aðrar einingar knattspyrnuhreyfingarinnar. Reglurnar gilda jafnframt, og eftir atvikum samhliða, um þær einingar sem kunna að samanstanda af framangreindum einstaklingum, svo sem stjórn KSÍ, einstakar nefndir sambandsins, skrifstofu þess, aðildarfélög og aðrar einingar knattspyrnuhreyfingarinnar.
- 1.2 Ákvæði annarra reglugerða eða reglna á vettvangi knattspyrnuhreyfingarinnar sem eiga við um þá sem 1. mgr. fjallar um og tengjast viðfangsefnum siðareglna þessara halda gildi sínu, en sé efnisreglu um sömu háttsemi að finna þar og í siðareglunum gilda ákvæði siðareglna KSÍ bæði um efni og málsmeðferð.

2. grein – Skipan siðanefndar KSÍ

- 2.1 Siðanefnd KSÍ skal skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara. Fulltrúar í nefndina skulu kosnir á ársþingi KSÍ og þar af einn beinni kosningu sem formaður. Kosið skal um alla fulltrúa og varafulltrúa í nefndinni á sama tíma til tveggja ára í senn.
- 2.2 Siðanefnd KSÍ ákvarðar/úrskurðar í málum sem falla undir ákvæði siðareglna þessara.
- 2.3 Siðanefnd setur sér nánari starfsreglur sem samþykktar skulu af stjórn KSÍ.

3. grein – Lögsaga og hlutverk

- 3.1 Siðanefnd KSÍ fjallar um og úrskurðar í þeim málum sem til hennar er beint og falla undir siðareglur KSÍ.
- 3.2 Siðanefnd KSÍ er heimilt að fresta meðferð máls vegna meintra brota þeirra sem falla undir grein 1.1 ef mál viðkomandi er til meðferðar hjá rannsóknar- eða ákærvaldi og/eða samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs. Siðanefnd KSÍ er aðeins heimilt að fjalla um mál sem frestað hefur verið þegar niðurstaða í máli liggur fyrir hjá rannsóknar- eða ákærvaldi og/eða samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs.
- 3.3 Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ skal hafa lögsögu yfir þeim málefnum sem upp koma innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands samkvæmt reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og varða ekki siðareglur KSÍ.

II. Málsmeðferð

4. grein – Kærur

- 4.1. Kærandi í máli fyrir siðanefnd KSÍ getur verið einstaklingur, félag eða önnur eining knattspyrnuhreyfingarinnar, sem misgert er við og hefur hagsmuni af úrlausn málsins. Auk þess getur stjórn KSÍ eða framkvæmdastjóri KSÍ lagt fram kæru til siðanefndar KSÍ. Varnaraðili getur verið hver sá sem bundinn er af siðareglum KSÍ skv. grein 1.1.
- 4.2 Kærur skulu berast til siðanefndar KSÍ innan fimm ára frá því atvik að baki kæru áttu sér stað. Berist nefndinni kæra eftir þetta tímamark skal nefndin vísa málinu frá. Varði kæra atvik sem refsisdómur hefur fallið um skal fresturinn þó aldrei teljast liðinn fyrr en 12 mánuðum eftir að endanlegur dómur var kveðinn upp í málinu.
- 4.3 Kæra skal berast til nefndarinnar skriflega ásamt fylgigögnum og samanstanda að lágmarki af eftirtöldu:
 - a) Nafni/heiti kæranda, kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri og netfangi, eftir því sem við getur átt.
 - b) Nafni/heiti kærða, kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri og netfangi, eftir því sem við getur átt.
 - c) Nafni fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum, eftir því sem við getur átt.
 - d) Skýrri kröfugerð.
 - e) Lýsingu helstu málavaxta.
 - f) Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
 - g) Lýsingu á helstu málsástæðum kæranda.
 - h) Lýsingu á helstu gögnum er fylgja kæru og þýðingu þeirra.

- i) Upptalningu á mögulegum vitnum, sem kærandi óskar eftir að kalla til skýrslutöku, eftir því sem við getur átt.
- 4.4 Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu KSÍ, sem skal senda kæranda skriflega staðfestingu á móttöku kæru. Kæra skal lögð fyrir næsta fund siðanefndar KSÍ eftir að hún berst en áður skal formaður nefndarinnar taka afstöðu hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávisun *ex officio* með ákvörðun hans. Telji formaður slíka frávisunarástæðu fyrir hendi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr þeim ágalla og leggja málið fyrir að nýju, verði yfirleitt úr ágallanum bætt. Kærandi getur krafist endurskoðunar Siðanefndar KSÍ á ákvörðun formanns um *ex officio* frávisun og skal slík krafa þá tekin fyrir á næsta fundi nefndarinnar eftir að hún berst. Verði ákvörðun formanns snúid við skal málið lagt efnislega fyrir næsta fund nefndarinnar þar á eftir.
- 4.5 Siðanefnd skal senda kærða (varnaraðila) án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Kærða skal gefinn allt að 14 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 4.3., eftir því sem við getur átt. Einstaklingi, félagi eða annarri einingu knattspyrnuhreyfingarinnar sem hefur hagsmuni af niðurstöðu máls skal einnig send afrit kæru ásamt gögnum og viðkomandi gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum í málinu.
- 4.6 Þegar öll gögn málsins hafa borist siðanefnd skal nefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir nefndinni eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.
- 4.7 Kæru skulu skráðar í málaskrá siðanefndar KSÍ. Þar skulu jafnframt vistuð öll gögn sem henni tengjast eftir að máli lýkur. Skrifstofa KSÍ sér um skjalavörslu fyrir hönd siðanefndar KSÍ að máli loknu.

5. grein – Uppkvaðning úrskurða og gildistaka

- 5.1 Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan fjögurra vikna frá því að málið var tekið til úrskurðar.
- 5.2 Úrskurðir siðanefndar taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

6. grein – Efni úrskurða og birting

- 6.1 Úrskurðir siðanefndar skulu vera skriflegir og rökstuddir og skal eftirfarandi koma fram:
- Hverjir séu aðilar máls.
 - Kröfugerð og málavaxtalýsing.
 - Helstu málsástæður og röksemdir málsaðila.
 - Rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar.
 - Sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.
 - Greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.
- 6.2 Úrskurðir skulu staðfestir af þeim nefndarmönnum, sem þátt tóku í afgreiðslu viðkomandi máls. Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal þess getið sérstaklega.
- 6.3 Siðanefnd sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp með tölvupósti til kæranda og kærða sem getið er í kæru og greinargerð. Áhætta af mistökum við afhendingu tölvupósts hvílir alfarið á móttakanda.
- 6.4 Úrskurður siðanefndar að teknu tilliti til viðkvæmra upplýsinga skal einnig birtur á heimasíðu KSÍ strax eftir uppkvaðningu hans.

7. grein - Sönnunargögn og sönnunarkrafa

- 7.1 Siðanefnd KSÍ leggur sjálfstætt mat á gildi sönnunargagna sem lögð eru fram við meðferð máls.
- 7.2 Í málum sem rekin eru á grundvelli þessa kafla, telst brot sannað telji nefndin fullnægjandi líkur leiddar að því að brot hafi verið framið.

III. Háttsemisreglur

8. grein - Almennar reglur

- 8.1 Framferði þeirra sem bundnir eru af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal í senn endurspegla stuðning þeirra við grundvallarreglur og markmið KSÍ, aðildarféлага þess, UEFA og FIFA. Þeir skulu vera trúverðugir, sýna heilindi og ber að forðast allt sem skaðað getur orðstír framangreindra aðila, heiður þeirra og tilgang.
- 8.2 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ekki misnota aðstöðu sína við skyldustörf með neinum hætti, allra síst með því að nýta sér stöðu sína til eigin hags eða framdráttar.
- 8.3 Þeir sem bundnir eru af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skulu kynna sér ákvæði þeirra. Með því að taka að sér störf sem falla undir reglurnar teljast þeir þar með hafa undirgengist þær.
- 8.4 Siðanefnd KSÍ getur beitt eftirfarandi viðurlögum við brotum á ákvæðum greinar þessarar:
 - a) Áminningu
 - b) Ávítum
 - c) Tillögum um tímabundna brottvikningu úr starfi, stjórn eða öðru trúnaðarhlutverki.
 - d) Tillögum um ótímabundna brottvikningu úr starfi, stjórn eða öðru trúnaðarhlutverki.

9. grein - Hlutleysi

- 9.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal gæta stjórn málalegs hlutleysis í samskiptum sínum við opinberar stofnanir, innlend og alþjóðleg samtök og hópa í samræmi við markmið og meginreglur aðildarféлага, KSÍ, UEFA og FIFA og bregðast almennt við af heilindum með þeim hætti að það samræmist hlutverki hans.
- 9.2 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að hámarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár.

10. grein - Trúnaður

- 10.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 ber trúnaðarskyldu gagnvart aðildarfélögum, KSÍ, UEFA og FIFA. Viðkomandi telst hafa brotið gegn trúnaðarskyldu sinni m.a. þegar hann gegnir ábyrgðar- eða trúnaðarstöðu í knattspyrnuhreyfingunni og sýnir af sér framkomu sem skaðar orðspor og/eða hagsmuni aðildarféлага, KSÍ, UEFA og/eða FIFA.
- 10.2 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að hámarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár.

11. grein - Þagnarskylda

- 11.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal, með hliðsjón af hlutverki sínu, gæta leyndar og trúnaðar um viðkvæmar upplýsingar sem hann aflar eða honum berast vegna skyldustarfa sinna, enda séu upplýsingarnar veittar í þeim skilningi eða með þeim skilaboðum að um trúnaðarupplýsingar sé að ræða og að upplýsingarnar samræmist grundvallarreglum FIFA.
- 11.2 Viðkomandi skal áfram bera þagnarskyldu skv. 1. mgr. þrátt fyrir að hafa ekki lengur stöðu sem fellir hann undir siðareglur þessar skv. grein 1.1.
- 11.3 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að hámarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár.

12. grein - Tilkynningarskylda

- 12.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal tilkynna beint til Siðanefndar KSÍ eða skrifstofu KSÍ um brot á reglunum sem hann verður áskynja um.
- 12.2 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að hámarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár.

13. grein - Samstarf

- 13.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ávallt aðstoða og vinna af einlægni og í góðri trú með Siðanefnd KSÍ, hvort sem hann er málsaðili, vitni eða tengist máli með öðrum hætti. Í þessu felst m.a. að verða að öllu leyti við óskum siðanefndar, þ. á m. um að skýra málsatvik, veita munnlegan eða skriflegan vitnisburð, veita upplýsingar, afhenda gögn eða annað efni og upplýsa um tekjur og fjárhag, telji siðanefnd þess þörf.
- 13.2 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 og beðinn er um að aðstoða siðanefnd KSÍ við meðferð tiltekins máls, hvort sem hann er aðili að máli, vitni eða tengist því á annan hátt, skal gæta leyndar og trúnaðar um veittar upplýsingar og aðkomu sína, nema siðanefnd gefi fyrirmæli um annað.
- 13.3 Enginn sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal aðhafast nokkuð það sem í raun, eða sem virðist hafa að markmiði, að hindra, forðast, fyrirbyggja eða trufla með öðrum hætti meðferð raunverulegs eða mögulegs máls fyrir siðanefnd.
- 13.4 Enginn sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal í tengslum við raunverulegt eða mögulegt mál fyrir siðanefnd leynd markverðum staðreyndum, gefa markvert rangar eða villandi yfirlýsingar eða staðhæfingar, eða leggja fram ófullnægjandi, markvert rangar eða villandi upplýsingar eða annað efni.
- 13.5 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ekki áreita, hræða, hóta eða hefna sín á einhverjum vegna raunverulegrar eða hugsanlegrar aðstoðar viðkomandi við Siðanefnd KSÍ eða samstarfs hans við hana.
- 13.6 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að hámarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár.

14. grein - Hagsmunaárekstur

- 14.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ekki rækja skyldustörf sín (einkum við undirbúning og töku ákvarðana) við aðstæður þar sem raunverulegur eða mögulegur hagsmunaárekstur kann að hafa áhrif störf hans. Hagsmunaárekstur rís þegar viðkomandi hefur, eða virðist hafa, annarra hagsmuna að gæta sem kunna að hafa áhrif á burði hans til að rækja skyldur sínar með sjálfstæðum og markvissum hætti. Aðrir hagsmunir geta m.a. falið í sér, en eru ekki takmarkaðir við, að afla viðkomandi eða tengdum aðilum mögulegs ávinnings.
- 14.2 Áður en sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1, er kjörinn, skipaður eða ráðinn til starfa, skal hann upplýsa um öll tengsl og hagsmuni sem gætu leitt til hagsmunaáreksturs í væntanlegu starfi.
- 14.3 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ekki rækja skyldustörf sín (einkum við undirbúning eða töku ákvarðana) ef hætta er á að hagsmunaárekstur hafi áhrif á störf hans. Viðkomandi skal þegar í stað greina þeim sem hann starfar fyrir frá hvers kyns slíkum hagsmunaárekstri.
- 14.4 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér viðeigandi sekt að lágmarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár. Ef brot telst alvarlegt eða ef um ítrekun er að ræða, getur bann frá allri þátttöku í knattspyrnu numið allt að fimm árum.

15. grein - Gjafir og önnur fríðindi

- 15.1 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er aðeins heimilt að bjóða eða þiggja gjafir eða önnur fríðindi til eða frá einstaklingum innan eða utan knattspyrnuhreyfingarinnar, eða milliliðum eða tengdum aðilum, þar sem slíkar gjafir eða fríðindi:
- hafa táknrænt eða lítilvægt gildi;
 - eru ekki boðin eða þegin í því skyni að hafa áhrif á neinn sem bundinn er af siðareglum þessum til að framkvæma eða láta hjá líða að framkvæma neitt það sem tengist verksviði hans eða fellur undir það;
 - eru ekki boðin eða þegin í bága við skyldustörf neins sem bundinn er af siðareglum þessum;
 - fela ekki í sér óeðlilegan fjárhagslegan ávinning eða annan ágóða; og
 - skapa ekki hagsmunaárekstur;
- Gjafir eða önnur fríðindi sem ekki uppfylla öll framangreind skilyrði eru óheimil.

- 15.2 Í vafatilvikum skal ekki þiggja, gefa, bjóða, lofa, taka við, biðja um eða sækjast eftir gjöfum eða öðrum fríðindum. Undir engum kringumstæðum skal neinn sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 þiggja, gefa, bjóða, lofa, taka við, biðja um eða sækjast eftir reiðufé, í neinu formi eða fjárhæð, frá aðila innan eða utan knattspyrnuhreyfingarinnar, milliliðum eða tengdum aðilum.
- 15.3 Ef það myndi móðga gefanda á grundvelli menningarlegra sjónarmiða að afþakka gjöf eða fríðindi, er þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 heimilt að þiggja gjöf eða fríðindi fyrir hönd þeirrar einingar sem viðkomandi starfar fyrir og skal hann þá þegar í stað tilkynna um gjöfina eða fríðindin og, ef við á, afhenda þau þar til bærum aðila.
- 15.4 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að lágmarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár. Hver sú fjárhæð sem þegin hefur verið í bága við ákvæði þessarar greinar skal vera innifalin í sektarákvörðun. Auk sektar skal, þegar það er mögulegt og viðeigandi, skila gjöf eða fríðindum sem þegin hafa verið í bága við ákvæði þessarar greinar. Ef brot telst alvarlegt eða ef um ítrekun er að ræða, getur bann frá allri þátttöku í knattspyrnu numið allt að fimm árum.

16. grein - Þóknun

- 16.1 Stjórnarmönnum, starfsfólki, leikmönnum og umboðsmönnum er óheimilt að þiggja, gefa, bjóða, lofa, taka við, biðja um eða sækjast eftir þóknun fyrir sjálfan sig eða aðra vegna samningsgerðar eða annarra skyldustarfa sinna.
- 16.2 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að lágmarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár. Hver sú fjárhæð sem þegin hefur verið í bága við 1. mgr. skal vera innifalin í sektarákvörðun. Ef brot telst alvarlegt eða ef um ítrekun er að ræða, getur bann frá allri þátttöku í knattspyrnu numið allt að fimm árum.

17. grein - Mismunun og ærumeiðingar

- 17.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ekki vega að heiðri eða heilindum lands, þjóðar, einstaklings eða hóps með orðum eða gjörðum sem fela í sér fyrirlitningu, mismunun eða lítilsvirðingu á grundvelli kynþáttar, húðlitar, uppruna, þjóðernis, félagslegrar stöðu, kyns, fötlunar, kynhneigðar, tungumáls, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, auðs, fæðingarstöðu, annarrar stöðu eða nokkurrar annarrar ástæðu.
- 17.2 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er óheimilt að gefa opinbera yfirlýsingu sem felur í sér fyrirlitningu gagnvart KSÍ, UEFA, FIFA eða neinum sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 í tengslum við viðburði á vegum áður nefndra samtaka.
- 17.3 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að lágmarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að tvö ár. Ef brot telst alvarlegt eða ef um ítrekun er að ræða, getur bann frá allri þátttöku í knattspyrnu numið allt að fimm árum.

18. grein - Líkamleg og andleg helgi

- 18.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal verja, virða og vernda helgi og reisn annarra.
- 18.2 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ekki nota niðrandi látbragð og orðbragð til að móðga einhvern á nokkurn hátt eða hvetja aðra til haturs eða ofbeldis.
- 18.3 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal hvorki beita nokkru formi líkamlegs eða andlegs ofbeldis né hafa í frammi nokkurs konar áreitni eða fjandsamlega háttsemi sem miðar að því að einangra, útskúfa eða lítillækka aðra.
- 18.4 Hótanir, loforð um ávinning, þvingun og hverskyns kynferðisleg misnotkun, áreitni og misneyting eru sérstaklega bönnuð.
- 18.5 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að lágmarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í a.m.k. tvö ár. Ef um er að ræða kynferðislega misneytingu eða misnotkun, ef brot telst alvarlegt eða ef um ítrekun er að ræða getur bann frá allri þátttöku í knattspyrnu numið a.m.k. 10 árum.

- 18.6 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 og kann að hafa verið brotaþoli kynferðislegrar misnotkunar eða áreitni, er heimilt að áfrýja niðurstöðu siðanefndar KSÍ til áfrýjunardómstóls KSÍ í samræmi við málsmeðferðarreglur dómstólsins. Viðkomandi skal fá afhentan úrskurð siðanefndar svo og öll skjöl sem aðilar máls hafa lagt fram við meðferð málsins, auk uppritar allra munnlegra skýrslna. Frestur til að áfrýja úrskurði siðanefndar KSÍ skal byrja að líða frá þeim degi sem aðilum er tilkynnt um hann.
- 18.7 Knattspyrnusamband Íslands skal tafarlaust tilkynna FIFA um niðurstöður siðanefndar eða áfrýjunardómstóls KSÍ sem varða viðurlög vegna brota gagnvart grein þessari.

19. grein - Fölsun

- 19.1 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er óheimilt að falska skjal, breyta ófölsuðu skjali og nota falsað eða breytt skjal.
- 19.2 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að lágmarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í a.m.k. tvö ár.

20. grein - Misnotkun á stöðu

- 20.1 Sá sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 skal ekki misnota stöðu sína á nokkurn hátt, sérstaklega ekki til þess að ná fram persónulegum markmiðum eða ávinningi.
- 20.2 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að lágmarki kr. 250.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í a.m.k. tvö ár. Viðurlög skulu þyngri sé viðkomandi háttsettur innan knattspyrnuhreyfingarinnar og jafnframt með hliðsjón af þýðingu og fjárhæð móttekis ávinnings.

21. grein - Þátttaka í veðmálum, fjárhættuspilum eða álíka starfsemi

- 21.1 Stjórnarmönnum, starfsfólki, leikmönnum og umboðsmönnum er óheimil bein eða óbein þátttaka í veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti og þess háttar háttsemi eða viðskiptum í tengslum við knattspyrnuleiki eða knattspyrnumót og/eða hliðstæða viðburði á Íslandi sem falla undir lögsögu KSÍ.
- 21.2 Stjórnarmenn, starfsfólk, leikmenn og umboðsmenn skulu ekki hafa beina eða óbeina fjárhagslega hagsmuni, þ.m.t. með eða í gegnum aðra, af veðmálum, fjárhættuspilum, happdrætti eða sambærilegri háttsemi eða viðskiptum sem tengjast knattspyrnuleikjum og knattspyrnumótum. Hagsmunir fela m.a. í sér hverskyns mögulegan ávinning fyrir þann sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 og/eða tengdan aðila.
- 21.3 Feli brot gagnvart þessari grein ekki í sér brot gegn öðrum ákvæðum siðareglna þessara, hefur það í för með sér sekt að lágmarki kr. 500.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í allt að þrjú ár. Hver sú fjárhæð sem aflað hefur verið í bága við 1. eða 2. mgr. skal vera innifalin í sektarákvörðun.

22. grein - Mútur og spilling

- 22.1 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er óheimilt að þiggja, gefa, bjóða, lofa, taka við, biðja um eða sækjast eftir persónulegum eða ótilhlýðilegum greiðslum eða ávinningi í því skyni að koma á eða viðhalda viðskiptum eða öðrum óviðeigandi ávinningi gagnvart hverjum sem er, innan eða utan knattspyrnuhreyfingarinnar. Slík háttsemi er óheimil hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti, í gegnum aðra eða með öðrum. Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er einkum óheimilt að þiggja, gefa, bjóða, lofa, taka við, biðja um eða sækjast eftir persónulegum eða ótilhlýðilegum greiðslum eða ávinningi fyrir að framkvæma eða láta hjá líða að framkvæma neitt það sem tengist starfssviði viðkomandi og fer í bága við starfsskyldur hans eða fellur innan þeirra.
- 22.2 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er óheimil hverskyns starfsemi eða háttsemi sem gæti gefið til kynna eða vakið grunsemdir um brot gagnvart grein þessari.
- 22.3 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að lágmarki kr. 500.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í a.m.k. fimm ár. Hver sú fjárhæð sem aflað hefur verið í bága við 1. eða 2. mgr. skal vera innifalin í sektarákvörðun. Viðurlög skulu þyngri sé viðkomandi háttsettur innan knattspyrnuhreyfingarinnar og jafnframt með hliðsjón af þýðingu og fjárhæð móttekis ávinnings.

23. grein - Misnotkun fjármuna

- 23.1 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er óheimilt að ráðstafa öðruvísi en til er ætlast eða misnota fjármuni knattspyrnuhreyfingarinnar, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti, í gegnum aðra eða með öðrum.
- 23.2 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er óheimil hverskyns starfsemi eða háttsemi sem gæti gefið til kynna eða vakið grunsemdir um brot gagnvart grein þessari.
- 23.3 Brot gagnvart grein þessari hefur í för með sér sekt að hámarki kr. 500.000 ásamt banni frá allri þátttöku í knattspyrnu í a.m.k. fimm ár. Hver sú fjárhæð sem aflað hefur verið í bága við 1. til 3. mgr. skal vera innifalin í sektarákvörðun. Viðurlög skulu þyngri sé viðkomandi háttsettur innan knattspyrnuhreyfingarinnar og jafnframt með hliðsjón af þýðingu og fjárhæð móttækis ávinnings.

24. grein - Hagræðing knattspyrnuleikja eða knattspyrnumóta

- 24.1 Þeim sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 er óheimilt að taka þátt í hagræðingu knattspyrnuleikja og knattspyrnumóta og skal án tafar tilkynna Siðanefnd KSÍ ef einhver nálgast hann í tengslum við starfsemi eða upplýsingar sem tengjast beint eða óbeint mögulegri hagræðingu knattspyrnuleiks eða knattspyrnumóts.
- 24.2 Það fellur innan lögsögu aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að úrskurða um háttsemi tengda hagræðingu knattspyrnuleikja eða knattspyrnumóta, innan og utan knattspyrnuvalla.
- 24.3 Siðanefnd KSÍ skal afhenda aga- og úrskurðarnefnd KSÍ allar upplýsingar sem hún hefur fengið sem gætu tengst háttsemi einhvers sem bundinn er af siðareglum þessum skv. grein 1.1 og sem gæti tengst broti á grein þessari.

IV. Áfrýjun

25. grein – Málskot til áfrýjunardómstóls KSÍ

- 25.1 Heimilt er að skjóta úrskurðum siðanefndar KSÍ til áfrýjunardómstóls KSÍ.
- 25.2 Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 3 dagar frá því að úrskurður siðanefndar KSÍ er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.
- 25.3 Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar siðanefndar KSÍ.

V. Lokaákvæði

26. grein - Samþykkt og gildistaka

- 26.1 Siðareglur þessar eru settar með stoð í 22. grein laga KSÍ. Þær voru samþykktar á fundi stjórnar KSÍ þann [...] og taka gildi [...].

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 11.

Tillaga á þingskjali 11 var samþykkt 102 atkvæðum gegn 3.

Þingskjal 12

Ingi Sigurðsson (stjórn KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Dómstig KSÍ –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

- Dómstóll KSÍ;** Fyrri dómstig KSÍ, aga- og úrskurðarnefnd KSÍ, samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ og siðanefnd KSÍ, falli saman undir nýjan dómstól KSÍ. Dómstóll KSÍ skiptist síðan í þrjár deildir, almenn deild (aga- og úrskurðarnefnd), samninga- og félagaskiptadeild (samninga- og félagaskiptanefnd) og siðadeild (siðanefnd).
 - Málsmeðferðarreglur fyrir dómstóli KSÍ, þ.e. hjá öllum deildum innan dómstóls KSÍ, verði samræmdar að fullu.
 - Eyðublað vegna málskots til dómstóls KSÍ sé samræmt að fullu. Gert verði að skyldu að notast sé við slíkt eyðublað vegna málskots til dómstóls KSÍ, ellegar fær mál ekki meðferð.
- Hraði málsmeðferðar;** Setja megi inn almennt ákvæði í málsmeðferðarreglur um málshraða hjá dómstigum KSÍ. Slíkt ákvæði skuli þó ekki setja fram fast ákveðin mörk um hvenær dómsniðurstöður skuli liggja fyrir. Eðli knattspyrnumóta kalli á að ákveðnum málshraða sé haldið. Leikbönn vegna uppsafnaðra áminninga verði gerð sjálfvirk, þ.e., líkt og á við um brottvísanir.
- Áfrýjun úrskurða samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ;** Opna skuli möguleika á áfrýjun úrskurða samninga- og félagaskiptanefndar til áfrýjunardómstóls KSÍ. Gera skuli ráð fyrir því að málsaðili sækir um sérstakt áfrýjunarleyfi til dómstólsins á grundvelli sambærilegra skilyrða og kveðið er á um í lögum vegna áfrýjunar mála til Hæstaréttar Íslands. Fyrningarfrestur vegna mála til samninga- og félagaskiptanefndar skuli lengdur úr einu ári í tvö ár. Frestur til að sækja um áfrýjunarleyfi úrskurða samninga- og félagaskiptanefndar til áfrýjunardómstóls skuli vera fjórar vikur.
- Mál þar sem meiri hagsmunir eru í húfi geti fengið aukid rými;** Setja skuli almenna (pósítífa) heimild um munnlegan málflutning mála fyrir dómstigum KSÍ þegar hagsmunir eru sýnilega miklir. Gera megi ráð fyrir slíkri heimild hjá öllum dómstigum. Gera skuli ráð fyrir því hjá báðum dómstigum að þeim sé heimilt að úrskurða um málskostnað, í því tilliti megi horfa til XXI. kafla laga um meðferð einkamála. Tekið skal upp sérstakt áfrýjunargjald vegna áfrýjunar mála til áfrýjunardómstóls KSÍ. Setja skuli fast áfrýjunargjald að upphæð kr. 100.000,- sem endurgreiðist ef fallist er á málatilbúnað áfrýjanda í heild.

Samþykktarferli:

Lagt er til að laga- og leikreglanefnd KSÍ verði falið að vinna reglugerðarbreytingar, og eftir atvikum, lagabreytingar í samræmi við tillögur. Efni tillagna geti þá komið til framkvæmda e.t.v. í áföngum, þ.e. hluti þeirra strax á árinu 2025 og loks sá hluti sem þarfnast lagabreytinga á árinu 2026.

Greinargerð

Úr greinargerð starfshóps um dómstig KSÍ:

„Í ályktunartillögu á þingskjali nr. 20 sem samþykkt var á ársþingi KSÍ í febrúar 2024, kemur m.a. eftirfarandi fram:

„Að skipaður verði starfshópur sem fer yfir skipulag dómstólakerfis KSÍ og um leið samninga – og félagaskiptanefnd KSÍ og geri hópurnum tillögur til úrbóta og leggi fram í tillöguformi fyrir ársþing 2025. Skal hópurnum skipaður lögmönnum þar sem KSÍ tilnefni 2 fulltrúa og ÍTF tilnefni 2 fulltrúa. Lögfræðingur KSÍ verði hópnum innan handar sem starfsmaður.“

Á fundi stjórnar KSÍ þann 17. apríl 2024 skipaði stjórn starfshóp í samræmi við samþykktu ályktunartillögu. Eftirtaldir aðilar sátu í starfshópnum; Stefán Geir Þórisson (formaður), Hrannar Már Gunnarsson, Kolbrún Arnardóttir, Páll Kristjánsson og Haukur Hinriksson (starfsmaður).

Starfshópurinn í heild fundaði alls fjórum sinnum;

1. Fundur 28.6.2024
2. Fundur 5.11.2024
3. Fundur 12.12.2024
4. Fundur 18.12.2024

Vinna og afmörkun verkefnis:

Starfshópurinn fór yfir efni ályktunartillögu frá ársþingi KSÍ 2024. Starfshópurinn var sammála um að það þyrfti að rýna í skipulag dómstólakerfis KSÍ og gera tillögur til úrbóta. Eftir að hafa rýnt í dómstólakerfi KSÍ þá var hópurinn sammála um að leggja áherslu á eftirfarandi:

1. Athuga hvaða möguleikar eru til staðar til að hraða málsmeðferð tiltekinna mála.
2. Nöfn dómstiga KSÍ og einföldun á fyrri dómstigum KSÍ (aga- og úrskurðarnefnd, samninga- og félagaskiptanefnd og siðanefnd KSÍ).
3. Áfrýjunarmöguleiki vegna úrskurða samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ.
4. Hvernig tryggja megi að mál sem þarfnast meiri athygli og þegar meiri hagsmunir eru í húfi fái aukið rými.

Umræður starfshópsins:

Hópurinn ræddi að það hefði komið upp reglulega að málum sé vísað frá á grundvelli formaskilyrða. Rætt var um að það megi vera leiðarljós hjá dómstigum innan KSÍ að komast að efnislegum niðurstöðum. Rætt var um hvort einfalda megi fyrir aðildarfélögum og leikmönnum málskot til dómstóla KSÍ. Afar flókið geti verið að setja sig inn í það hvert eigi að beina málskoti. Hugsanlega megi breyta kerfinu þannig að málskot séu samræmd en skrifstofa KSÍ myndi beina máli í rétta átt. Þá megi breyta nafni samninga- og félagaskiptanefndar og finna nafn sem væri meira lýsandi. Í samhengi við nöfn dómstiga KSÍ var rætt um hvort „Dómstóll KSÍ“ gæti verið samheiti yfir þau þrjú dómstig sem mynda fyrsta dómstig KSÍ, þ.e. aga- og úrskurðarnefnd, siðanefnd og samninga- og félagaskiptanefnd. Eyðublað vegna málskots til dómstóls KSÍ væri staðlað og stílað á dómstól KSÍ. Dómstóll KSÍ myndar þrjár deildir; aga- og úrskurðarnefnd, siðanefnd og samninga- og félagaskiptanefnd. Rætt var um að hafa mætti til hliðsjónar stöðluð form annarra úrskurðarnefnda utan KSÍ, t.d. megi horfa til staðlaðs forms vegna málskots til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Með slíku formi væri hægt að stytta og einfalda málarekstur fyrir dómstigum KSÍ. Hópurinn telur einnig að ná megi fram mikilli einföldum með því að auka leiðbeiningar á vef KSÍ og setja upp einfaldar leiðbeiningar um málskot. Málsmeðferðarreglur fyrir dómstigum séu nú þegar samræmdar. Helst þurfi að bæta við í málsmeðferðarreglum fyrir samninga- og félagaskiptanefnd til að samræma við önnur dómstig.

Hópurinn taldi rétt að leggja til að hægt væri að áfrýja niðurstöðum samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ. Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ mættu sæta ákveðnum skilyrðum, jafnvel þannig að sækja þyrfti um áfrýjunarleyfi á úrskurðum samninga- og félagaskiptanefndar hjá áfrýjunardómstóli KSÍ. Horfa megi til sambærilegra skilyrða og eru fyrir áfrýjun til Hæstaréttar í almennum einkamálum, þ.e. hvort úrslit máls hafi verulegt almennt gildi eða varði sérstaklega mikilvæga hagsmuni þess sem leitar áfrýjunarleyfis. Þá getur verið hægt að veita slíkt áfrýjunarleyfi ef ástæða er til að ætla að málsmeðferð fyrir lægri dómstigum hafi verið stórlega ábótavant eða niðurstaða sé bersýnilega röng að formi eða efni. Einnig mætti áfrýjunarfrestur úrskurða samninga- og félagaskiptanefndar vera lengri en hjá öðrum nefnum, t.a.m. fjórar vikur. Sömuleiðis var fyrningarfrestur mála hjá samninga- og félagaskiptanefnd ræddur, en hann er samkvæmt núgildandi regluverki eitt ár í dag. Hópurinn ræddi hvort mögulega væri eðlilegra að fresturinn væri tvö ár.

Hópurinn ræddi um það hvort breyta megi orðalagi í reglugerðum vegna heimildar til munnlegs málflutnings. Hvort setja megi almenna (pósítífa) heimild um munnlegan málflutning þegar hagsmunir eru sýnilega miklir eða um er að ræða fordæmisgefandi grundvallaratriði. Gera megi ráð fyrir slíkri heimild hjá öllum dómstigum. Sömuleiðis megi jafnvel gera ráð fyrir því hjá öllum dómstigum að þeim sé heimilt að úrskurða um málskostnað og horfa megi til XXI. Kafla laga um meðferð einkamála í því samhengi. Hópurinn ræddi að lokum um sérstakt

áfrýjunargjald. Hvort rétt væri að taka upp slíkt gjald vegna mála sem áfrýja á til áfrýjunardómstóls KSÍ. Leggur starfshópurinn til að ef farin verði sú leið þá verði upphæð slíks gjalds kr. 100.000,- sem endurgreiðist ef fallist er á málatilbúnað áfrýjanda að fullu.

Loks ræddi hópurinn um að betur stæði á því að leikbönn vegna uppsafnaðra áminninga yrðu gerð sjálfvirk, þ.e. líkt og á við um brottvísanir, þá skuli taka út þau leikbönn strax í næsta leik. Hugsanlega gæti slík breyting tekið gildi samhliða nýju mótakerfi haustið 2025.

Annað:

Hópurinn ræddi einnig framtíðarhugmyndir um sameiginlegan íþróttagerðardómstól fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Ef slíkur dómstóll yrði settur á laggirnar yrði höfuðáhersla sérsambanda á að bjóða upp eitt dómstig í þeim málum sem upp koma og vilji aðilar áfrýja þeim málum til æðra dómstigs, þá myndi sérstakur íþróttagerðardómstóll þjóna hreyfingunni sem áfrýjunarstig í öllum málum. Slíku málskoti myndi fylgja viðeigandi kostnaður vegna málskots og málsmeðferðar. Þetta eru hugmyndir sem þyrfti að ræða með ÍSÍ og íþróttahreyfingunni í heild.“

Á fundi stjórnar KSÍ þann 22. janúar 2024 samþykki stjórn KSÍ að leggja fram tillögur starfshópsins fram á ársþingi KSÍ 2025

Stjórn KSÍ

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 12.

Tillaga á þingskjali 12 var samþykkt með 107 atkvæðum gegn 1 atkvæði.

Þingskjal 13

Ólafur Þór Ólafsson (Reynir S.) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar – Nýtt íþróttafélag Víðis og Reynis –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að nýtt íþróttafélag sem stofnað verður í Suðurnesjabæ haustið 2025, sem Knattspyrnufélagið Reynir og Knattspyrnufélagið Víðir standa að, yfirtaki alla knattspyrnustarfsemi Reynis og Víðis og taki sæti í deildarkeppni Íslandsmóts karla keppnistímabilið 2026 í samræmi við stöðu þess aðstandandi félags sem hærra endar í lok keppnistímabilsins 2025.

Þó gildi eftirfarandi fyrirvarar vegna þessarar samþykktar:

- Ofangreind tillaga öðlast aðeins gildi ef að tillaga að stofnun nýs íþróttfélags í Suðurnesjabæ verði samþykkt á aðalfundum Knattspyrnufélagsins Reynis og Knattspyrnufélagsins Víðis á vordögum 2025.
- Nýtt íþróttafélag verði stofnað innan ÍSÍ og komi í stað Reynis og Víðis sem aðildarfélag innan KSÍ, enda mun íþróttastarfsemi á þeirra vegum öll falla undir hið nýja félag.

Greinargerð

Knattspyrnufélagið Reynir og Knattspyrnufélagið Víðir undirrituðu þríhliða viljayfirlýsingu með Suðurnesjabæ 29.10.2024 um stofnun nýs íþróttfélags í Suðurnesjabæ.

Stofnaður var stýrihópur með fulltrúum frá þessum þremur aðilum til að halda utan um verkefnið með það að markmiði að nýtt félag verði formlega stofnað í október eða nóvember 2025. Tillögur stýrihópsins verða lagðar fram á aðalfundum félaganna á vordögum 2025 og þar verður tekin formleg ákvörðun um það hvort að nýtt íþróttafélag í Suðurnesjabæ verði til. Verði af stofnun hins nýja félags mun allt íþróttastarf á vegum Reynis og Víðis falla undir það.

Í viljayfirlýsingunni kemur fram að markmiðin með því að vinna að stofnun nýs íþróttfélags séu eftirfarandi:

- Auka fagmennsku og gæði í íþróttastarfinu.
- Stuðla að fjölbreytni íþróttagreina.
- Til verði eitt íþróttafélag sem samfélagið í Suðurnesjabæ sameinast um.
- Stuðla að aukinni íþróttaiðkun hjá fólki á öllum aldri og af öllum kynjum.
- Unnið verður markvisst að uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar í Suðurnesjabæ og bættri nýtingu núverandi mannvirkja.
- Aukinn og markvissari stuðningur frá Suðurnesjabæ við hið nýja íþróttafélag.

Knattspyrna er lang stærsti hluti þess starfs sem fer fram á vegum Reynis og Víðis. Þess vegna er mikilvægt að það sé ljóst í hvaða stöðu hið nýja félag verður í deildarkeppni þegar það mætir til leiks á keppnistímabilinu 2026 og skiptir það miklu máli fyrir knattspyrnusamfélagið á Suðurnesjum að það verði hærra sætið hjá gömlu félögunum tveimur. Laust sæti vegna þess félags sem endar neðar af félögunum tveimur skal farið eftir grein 23.1.11 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Það er mikilvægt fyrir önnur aðildarfélög innan KSÍ að vita með góðum fyrirvara hver staða hins nýja félags verður keppnistímabilið 2026.

Í ljósi þeirrar áherslu sem er á að stofnun félagsins sé nýtt upphaf í íþróttastarfi í Suðurnesjabæ er mikilvægt að nýtt félag geti hafið starfsemi með nýrri kennitölu. Verði hins vegar niðurstaðan að slíkt verði ekki samþykkt

verður skoðað hvort að knattspyrnudeild hins nýja félags geti starfað undir kennitölu þeirrar knattspyrnudeildar sem hærra stendur fyrir keppnistímabilið 2026 og staða félagsins í deildarkeppni þar með tryggð.

Reynir S. og Víðir Garði

Umræður um þingskjal 13:

Helga Helgadóttir (varaformaður KSÍ) tók til máls. Helga sagði að mótanefnd KSÍ hafi fjallað um tillöguna og styður þessa tillögu.

Tillaga að þingskjali 13 var samþykkt með 112 atkvæðum gegn 2.

Þingskjal 14

Sif Atladóttir (Leikmannasamtök Íslands) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar – Starfshópur. Hlé á miðju keppnistímabili –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Að stjórn Knattspyrnusambands Íslands verði falið að skipa starfshóp til að meta hvar best væri að innleiða hlé á miðju keppnistímabili í meistaraflokkum karla og kvenna.

Starfshópnum verði falið að:

- Rannsaka áhrif keppnis tímabilsins á andlega og líkamlega heilsu leikmanna.
- Meta hvernig hlé á miðju keppnistímabili getur stuðlað að betri heilsu og frammistöðu leikmanna.
- Leita fyrirmynda hjá öðrum löndum, sérstaklega á Norðurlöndum, þar sem sumarhlé eru hluti af skipulagi.
- Koma með tillögur um hvernig hlé gæti verið framkvæmt fyrir hverja deild, með sérstakri áherslu á samræmi við stórmót karla og kvenna.

Tengdir aðilar: Óskað er eftir að í starfshópnum verði skipað fulltrúum frá eftirfarandi aðilum:

- Leikmannasamtökunum.
- ÍTF
- Knattspyrnusambandi Íslands.
- A.m.k. einum fulltrúa frá karla knattspyrnu.
- A.m.k. einum fulltrúa frá kvennaknattspyrnu.
- Einum sérfræðingi í íþróttavísindum, með sérþekkingu á áhrifum hvíldar og endurheimtar á frammistöðu. Ef slíkur sérfræðingur er ekki tiltækur, verði valinn annar sérfræðingur með viðeigandi þekkingu á sviði heilsu, endurheimtar og frammistöðu.

Niðurstöður starfshópsins skulu liggja fyrir í formi skýrslu og tillaga sem kynnt verði á ársþingi KSÍ árið 2026.

Greinargerð

Tillagan byggir á þörf fyrir endurskoðun á skipulagi keppnistímabila á Íslandi, sem hafa lengst undanfarin ár. Á sama tíma hafa leikmenn í meistaraflokkum karla og kvenna lítið svigrúm til að endurhlaða sig andlega og líkamlega yfir sumartímann, þar sem þeir taka lítið sem ekkert frí, hvorki frí frá vinnu né knattspyrnu. Þetta á sérstaklega við þar sem margir leikmenn eru í annarri vinnu samhliða sínum knattspyrnuferli.

Fyrirmyndir að sumarhléum má finna hjá Norðurlandabjóðum eins og Svíþjóð, þar sem bæði Herrallsvenskan og Damallsvenskan taka hlé yfir sumarmánuði. Þessi hlé eru oft í samræmi við stórmót, þar sem þau falla að alþjóðlegum keppnistímasetningum.

Rannsókn á þessu málefni og tillögur um framkvæmd geta stuðlað að aukinni vellíðan og betri frammistöðu leikmanna, ásamt því að koma á betra jafnvægi í þeirra daglega lífi.

Starfshópurinn mun kalla eftir áliti frá leikmannasamtökum, félögum og öðrum hagsmunaaðilum, og skila af sér heildstæðri úttekt á málinu árið 2026.

Leikmannasamtök Íslands

Enginn kvaddi sér hljóðs um þingskjal 14.

Tillaga að þingskjali 14 var samþykkt með 74 atkvæðum gegn 34.

Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.

Engar tillögur bárust stjórn KSÍ.

Önnur mál.

Flutningur afreksleikmanna

Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri ÍTF, fór yfir vinnu starfshóps sem fjallað hefur um málið. Tillaga um þetta mál var samþykkt á 78. ársþingi KSÍ en hún snýst um það að flytja leikmenn úr móðurfélagi til dótturfélags án þess að hefðbundið lán og félagaskipti eigi sér stað. Starfshópurinn fundaði fjórum sinnum á árinu 2024.

Reglur ganga út á að ungum afreksleikmönnum sé gert heimilt tímabundið að leika með sínu samningsfélagi (móðurfélagi) ásamt því að vera sérstaklega gert heimilt að leika með öðru félagi (dótturfélagi) samhliða. Dótturfélag megi ekki vera í sömu deild og móðurfélag.

Þannig megi auka spiltíma ungra og efnilegra leikmanna móðurfélaga, en leikmönnum yrði þannig heimilt að spila með dótturfélagi en sömuleiðis vera heimilt og mögulegt að leika með móðurfélagi.

Að mati hópsins þarf að stíga varfærin skref til að byrja með og reyna að stemma stigu við mögulegu ójafnvægi á milli félaga. Sníða þurfi reglur um flutning leikmanna að fyrirmynd erlendra reglna en um leið aðlaga þær að íslenskum veruleika. Reglur mættu gilda til eins árs og endurskoðaðar að tímabili loknu.

Takmarkið yrði fimm leikmenn (þar af einn markmaður) sem hvert móðurfélag gæti sent frá sér, og takmarkið fyrir dótturfélag yrði að hvert félag gæti aðeins fengið til sín að hámarki fimm leikmenn (þar af einn markmanna). Gera mætti breytingar á þeim fimm leikmönnum, en aðeins einu sinni, og það á meðan félagaskiptagluggi væri opinn. Afreksleikmanni er heimilt að leika að hámarki með einu dótturfélagi hvert tímabil. Afreksleikmenn geta aðeins verið leikmenn á 16.-21. aldursári og markmenn á 16.-23. aldursári og óheimilt að vera skráður á leikskýrslu með bæði móður- og dótturfélagi sama daginn.

Birgir sagði að nýjar reglur megi ekki draga úr hvata félaga til að lána leikmenn eftir gildandi félagaskiptareglum, takmörkun þyrfti að vera á hlutgengi með dótturfélagi ef leikmaður hefur nýlega leikið með móðurfélagi og að staðalform fyrir samstarfssamning á milli félaga verður útbúið, í samræmi við nýjar reglur um flutning afreksleikmanna. Birgir tók jafnframt fram að afreksleikmenn séu ekki gjaldgengir til þátttöku í Evrópukeppni félagsliða á sama keppnistímabili og að fyrirhugaðar reglur um flutning afreksleikmanna samræmist ekki skyldubundnum félagaskiptareglum FIFA.

Kynning á vinnu starfshóps um breytingar á tímasetningu ársþings KSÍ

Guðjón Bjarni Hálfðánarson fór yfir vinnu starfshóps sem hafði það markmið að skoða kosti og galla þess að breyta tímasetningu ársþings KSÍ. Hlutverk starfshópsins var ekki að leggja fram tillögu heldur eingöngu að benda á kosti og galla við nýja tímasetningu. Í upphafi starfsins kom strax upp álitamál um fjárhagsár sambandsins. Starfshópurinn fékk því umsögn frá lögfræðingi KSÍ hvort hægt væri að breyta því en samkvæmt reglum UEFA og FIFA þarf það að vera almanaksárið.

Guðjón sagði að við þau tíðindi hefði starfshópurinn getað lagt niður störf en í staðinn var ákveðið að hugsa í lausnum og voru lagðar til stjórnar tillögur um tvískiptingu ársþings. Annars vegar var það hugsað út því hvað sé hreyfingunni fyrir bestu og hins vegar hvernig ársreikningur og áætlanir eru afgreidd. Það gæti t.d. verið að halda þing að hausti þar sem rætt væri um framgöngu íslenskrar knattspyrnu og svo þing í febrúar þar sem fjármálin eru rædd.

Starfshópurinn lagði þessa tillögu fyrir þingið til umræðu, þar sem ræddir væru kostir og gallar, og hvatti Guðjón þingheim til að koma upp í pontu og tjá sig. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Ingi Sigurðsson úr stjórn KSÍ fór yfir samþykkt stjórnar KSÍ þess efnis að bera fram fyrir þing áskorun til ríkisstjórnar Íslands um að hækka framlag ríkissjóðs til ferðasjóðs íþróttafélaga strax á árinu 2025. Það er einn liður í því að íþróttaiðkun barna og unglinga geti þrífist á landsbyggðinni.

Áskorunin var svohljóðandi:

Árþing KSÍ 2025 skorar á ríkisstjórn Íslands að hækka framlag ríkissjóðs til ferðasjóðs íþróttafélaga strax á árinu 2025. Það er einn liður í því að íþróttaiðkun barna og unglinga geti þrífist á landsbyggðinni.

Greinargerð

Ferðasjóður íþróttafélaga er sjóður sem hefur mikla þýðingu fyrir íþróttahreyfinguna og þá sérstaklega þau íþróttafélög sem þurfa um langt að fara til að sækja keppnisleiki.

Öll íþrotta- og ungmennafélög innan ÍSÍ hafa rétt til að sækja um styrk í sjóðinn, fyrir alla aldurshópa í viðurkenndum íþróttagreinum innan ÍSÍ á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót.

Úthlutanir úr umræddum ferðasjóð hafa frá árinu 2017-2024 staðið í stað í um 125 m.kr. á ári. Á sama tímabili hefur heildarupphæð umsókna hækkað úr 470 í 650 m.kr. Það er því ljóst að framlög í sjóðinn hafa ekki fylgt þeim hækkunum sem hafa orðið á ferðakostnaði íþróttafélaga undanfarin ár.

Innan knattspyrnuhreyfingarinnar eru aðildarfélög sem hafa töluverðan hag af því að framlög ríkisins í ferðasjóð íþróttafélaga endurspegli betur þann ferðakostnað sem félög bera. Ferðakostnaður aðildarfélaga á landsbyggðinni er verulega stór kostnaðarliður í starfsemi þeirra og þær hækkanir sem hafa komið til á undanförunum árum gera rekstur félaganna enn erfiðari, áskoranir þeirra með reksturinn eru nú þegar nægar. Það skapar hættu á því að félög á landsbyggðinni dragi sig mögulega úr keppni og þá sérstaklega hjá yngri flokkum iðkenda.

Knattspyrnuhreyfingin í heild sinni stendur sem ein heild fyrir því að aðildarfélög KSÍ á landsbyggðinni njóti meiri endurgreiðslu á ferðakostnaði en nú er. Til að svo verði þurfa stjórnvöld að endurskoða framlög til ferðasjóðsins þannig að hlutfall úthlutunar á móti raunkostnaði haldist a.m.k. á milli ára.

Tillaga stjórnar um áskorun til ríkisstjórnar Íslands um hækkan framlaga ríkissjóðs í ferðasjóð íþróttafélaga var samþykkt með 109 atkvæðum gegn einu.

Kynning á framkvæmdum á Laugardalsvelli

Hannes Frímann Sigurðsson, verkefnastjóri framkvæmda á Laugardalsvelli, fór yfir stöðu mála á framkvæmdum Laugardalsvallar. Framkvæmdir hófust síðasta haust og stefnan er sú að fyrsti leikurinn á nýju undirlagi verði 3. júní. Völlurinn var færður til um 8 metra, nær vestur stúku vallarins.

Völlurinn verður svokallaður hybrid völlur, sem er blanda af náttúrulegu grasi og gervigrasi. Auk þess verða hitalagnir undir vellinum, sem ekki hefur áður verið á Laugardalsvelli. Þessu fylgja miklar framkvæmdir og þurfti t.a.m. að leggja nýja vatnslögn að Laugardalsvelli.

Hannes fór einnig yfir kostnaðaráætlun en hún hljóðar upp á rétt rúmar 500 milljónir króna og þegar að þessari kynningu kom var búið að ráðstafa 338 milljónum í verkið. Hannes sýndi einnig tilgátumyndir af nýrri stúku, sem myndi loka vellinum. Eins er unnið að breytingum innanhús, á búningssklefum, fjölmiðlaaðstöðu o.fl. Aðstaðan eins og hún er í dag er ófullnægjandi.

Hannes sagði að einnig væri verið að skoða með vinnuhópum hvernig lýsingu verði háttáð. Ef byggð verður stúka allan hringinn, að þau ljós sem nú er verið að kaupa á flóðlýsingar möstrin verði hægt að setja í þakskegg stúkunnar í framtíðinni.

Kristinn Björgólfsson (Leikmannasamtök Íslands) tók til máls. Hann sagði að árið 2023 hafi það verið samþykkt á árþingi KSÍ að Leikmannasamtök Íslands væru aðilar að KSÍ og við það öðlast tillögurétt.

Leikmannasamtökin hafa lagt fram tvær tillögur. Annars vegar tillaga er varðar sumarfrí leikmanna sem nú er orðin af starfshóp um sumarhlé og Kristinn sagði samtökin vera afar þakklát fyrir. Hin tillagan var að leikmenn skyldu vera launafólk en þeirri tillögu var hafnað af félögum.

Kristinn vildi hvetja knattspyrnuhreyfinguna til að hafa fulltrúa leikmanna og þjálfara með í ráðum þegar myndaðir eru starfshópar og ráð, þar sem fjalla á um málefni hreyfingarinnar. Tillagan um að leikmenn skuli vera launþegar snýr að þessum aðilum, leikmönnum og þjálfurum.

Að endingu vildi Kristinn þakka Hauki Hinrikssyni, lögfræðingur KSÍ, fyrir samstarfið á liðnum árum en Haukur var nýverið ráðinn nýr framkvæmdastjóri Víkings Reykjavíkur. Kristinn veitti Hauki viðurkenningu frá Leikmannasamtökum Íslands fyrir veitta aðstoð við hin ýmsu mál og sagði að Haukur hafi verið Leikmannasamtökunum mikilvægur og þægilegur í einu og öllu.

Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Rúnar V. Arnarson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Rúnar V. Arnarson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Kosning 4ra manna í stjórn KSÍ til tveggja ára:

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:

E. Börkur Edvardsson
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Helga Helgadóttir
Tinna Hrund Hlynsdóttir

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ:

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttþing ÍSÍ til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis:

Kjörnefnd gerði tillögu um Birnu Maríu Sigurðardóttur (Deloitte) og var hún sjálfkjörin.

Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Þróstur Ríkharðsson, formaður
Helgi R. Magnússon, varaformaður
Erna Birgisdóttir, varaformaður
Andri Valur Ívarsson
Ásta Björk Eiríksdóttir
Jóna Benný Kristjánsdóttir
Gunnar Sverrir Gunnarsson
Páll Kristjánsson

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Feldís Lilja Óskarsdóttir, formaður
Jóhannes Albert Sævarsson
Steinar Þór Guðgeirsson

Varamenn:

Eva B. Helgadóttir
Halldór Brynjar Halldórsson

Höskuldur Eiríksson
Lúðvík Örn Steinarsson
Valgerður Valdimarsdóttir

Kosning í siðanefnd KSÍ til tveggja ára

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Halldór Frímansson, formaður
Kristrún Heimisdóttir
Ómar Bragi Stefánsson

Varamenn:

Hanna S. Sigurðardóttir
Júlíus Bessason
Rósa Júlía Steinþórsdóttir

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þau sjálfkjörin:

Rúnar Vífill Arnarsson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn KSÍ til tveggja ára og eins fulltrúa ÍTF sem varamann í stjórn KSÍ til tveggja ára

Heimir Fannar Gunnlaugsson var kosinn formaður ÍTF á aðalfundi félagsins 12. febrúar sl. og leggur kjörnefnd til að ársþing KSÍ staðfesti setu hans í stjórn KSÍ til tveggja ára.

Ólafur Hrafn Ólafsson var kosinn varaformaður ÍTF á aðalfundi félagsins 12. febrúar sl. og leggur kjörnefnd til að ársþing KSÍ staðfesti setu hans sem varamann í stjórn KSÍ til tveggja ára.


Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.

Þingslit

Gísli Gíslason, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf.

Að endingu sagði Þorvaldur Örlygsson, formaður KSÍ, 79. ársþingi KSÍ slitið.

Gísli Gíslason
1. þingforseti

Handwritten signature of Gísli Gíslason in black ink.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir
2. þingforseti

Handwritten signature of Helga Guðrún Guðjónsdóttir in black ink.

Systa Jónsdóttir
1. þingritari

Handwritten signature of Systa Jónsdóttir in black ink.

Dagur Sveinn Dagbjartsson
2. þingritari

Handwritten signature of Dagur Sveinn Dagbjartsson in black ink.